



Morgunblaðið, 04.01.2018, síðu 4  
grein stærð: 132.17 sm<sup>2</sup>  
grein hæð: 13.03 sm

## Andlát

# Stefán Pálsson, banka- stjóri Búnaðarbankans

Stefán Pálsson, fyrrverandi bankastjóri Búnaðarbanka Íslands, lést í Reykjavík 2. janúar síðastliðinn. Hann náði 83 ára aldri.

Stefán fæddist 7. desember 1934 á Skinnastað í Öxarfirði. Hann var sonur hjónanna Páls Þorleifssonar, prófests á Skinnastað, og Guðrúnar Elísabetar Arnórsdóttur.


Stefán útskrifaðist frá Samvinnuskólanum í Reykjavík árið 1955 og frá bankaskóla í Englandi 1957. Að námi loknu sá hann um búskapinn á Skinnastað en hóf störf hjá Búnaðarbanka Íslands haustið 1958 og starfaði þar allan sinn starfsferil eða í 42 ár. Fyrst starfaði hann sem gjaldkeri, síðan sem starfsmannastjóri, sem framkvæmdastjóri Stofnlánadeildar landbúnaðarins og að síðustu sem bankastjóri Búnaðarbankans samfleytt í 17 ár eða frá árinu 1984 til ársins 2001. Stefán gegndi ýmsum trúnaðarstörfum



vegna starfa sinna við bankann, sat í stjórn um sjóða og samtaka og nefndum sem fulltrúi bankamanna. Hann var meðal annars formaður Sambands viðskiptabanka um skeið, formaður Reiknistofu bankanna og Framleiðnisjóðs landbúnaðarins.

Hann var einnig virkur í félagsstarfi hestamanna. Átti sæti í stjórn Landssambands hestamannafélaga í átta ár og þar af formaður á árunum 1981 til 1986. Hann hafði mikinn áhuga og ánægju af hestum og hestamennsku og stundaði það áhugamál með fjölskyldu sinni í frístundum.

Stefán og Arnþrúður Arnórsdóttir kennari giftust árið 1957 og eignuðust þau fimm börn. Þau eru Páll ljósmyndari, Guðrún Elísabet arkitekt, Arnór sem lést 1976, Helga Ingunn, leikmynda- og búningahöfundur, og Auður, kennari og starfsmaður Icelandair.



## Ingimar Sveinsson, fyrrverandi bóndi og kennari – 90 ára



Ljósmynd/Jón Kristjánsson

**Hjónin** Ingimar og Guðrún í Egilsstaðaskógi, en Ingimar var bóndi á Egilsstaðabúinu í 34 ár.

# Hirðir hestana sína á hverjum degi

**I**ngimar Sveinsson fæddist 27. febrúar 1928 á Egilsstöðum á Fljótsdalshéraði og ólst þar upp. Hann lauk stúdentsprófi frá MA 1948, BSc. with honor.-prófi í búvísindum frá Washington State University, Pullman í Washington-ríki í Bandaríkjunum 1952, dvaldi við nám í Danmörku sumarið 1986, í Þýskalandi 1993 og í Kanada og Bandaríkjunum 1995.

Ingimar var bóndi á Egilsstöðum (á Egilsstaðabúinu) 1952-86 en gerðist kennari við Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri, m.a. í hrossarækt og tamingum, frá ársbyrjun 1986 til vors 1998. Jafnframt stundaði hann þar tilraunir og rannsóknir í hrossarækt.


Hann hefur kynnt sér ýmsar erlendar tamingaaðferðir hrossa sem hann hefur aðlagð fyrir íslenska hestinn og bætt inn í sína fyrri tamingareynslu og þannig þróað sína eigin útfærslu eða frumtaminga-




**Hestamaður** Ingimar og Pilatus, sem var landsþekktur hestur. Hann var alinn upp á þela frá fyrsta degi eftir að hryssan drapst frá folaldinu.

aðferð sem hann nefnir „af frjálsum vilja“. Hann hefur haldið fjölda taminganámskeiða um allt land og víða erlendis á undanföllum árum

og eru þau mjög vinsæl og eftirsótt og einnig hefur hann flutt erindi og haldið fræðslunámskeið um íslenska hestinn, sérstöðu hans og þarfir,



## Úr frændgarði Ingimars Sveinssonar



bæði hjá hestamannafélögum landsins og erlendis.

Ingimar var stofnfélagi Hestamannafélagsins Freyfaxa á Fljótsdalshéraði og sat í stjórn þess í tuttugu og fimm ár, þar af formaður í fimm ár. Hann var stofnfélagi og fyrsti formaður ungmenna- og íþróttafélagsins Hattar á Egilsstöðum. Hann sat í stjórn Kaupfélags Héraðsbúa, var í nokkur ár formaður Bændafélags Fljótsdals-

héraðs, og í stjórn Ræktunarsambands Austur-Héraðs og formaður og framkvæmdastjóri þess um skeið. Hann var fulltrúi á aðalfundum Stéttarsambands bænda og Landsambands hestamannafélaga, búvörudeildar SÍS og Ost- og smjör-sölnunnar um árabil.

Ingimar hefur skrifað fjölda greina í blöð og tímarit og kennslubækur í hrossarækt og loðkanínurækt við Bændaskólann á Hvann-

eyri. Hann er gullmerkishafi Landsambands hestamannafélaga og voru veitt heiðursverðlaun LH árið 2008. Hann ritaði bókina Hrossafræði Ingimars, 334 blaðsíðna alhliða upplýsinga- og fræðirit um hesta, sem kom út í nóvember 2010 en hún var tilnefnd til bókmenntaverðlauna Hagþenkis það ár.

„Við félagi minn eigum hesthús í hesthúshverfinu við Varmá, en ég bý núna í Mosfellsbæ. Ég er þar með fjóra hesta á jarnum og fer enn á bak þegar veður leyfir, síðast núna um helgina, annars væri ég kominn í kör. Ég gef og moka skít á hverjum degi. Það heldur manni geysilega vel við að þurfa að fara í hesthúsið á hverjum degi í stað þess að liggja í leti. Það er mikið atriði fyrir eldra fólk að hafa eitthvað við að vera.“

### Fjölskylda

Ingimar kvæntist 25. desember 1956 Guðrúnu Gunnarsdóttur, húsfreyju á Egilsstöðum og síðar gjaldkera við Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri, f. 7.9. 1933, d. 23.7. 2016. Foreldrar hennar voru Gunnar Guðjónsson og Kristín M. Jóhannsdóttir, bændur á Gestsstöðum og Hafþórsstöðum í Borgarfirði.

Börn: 1) Sigríður Fanney, f. 23.4. 1957, cand.techn.soc., búsett í Kaupmannahöfn, maður hennar er Lars Christensen og börn þeirra Magnús og María; 2) Gunnar Snælundur, f. 19.2. 1960, cand.agr., búsettur í Kaupmannahöfn, kona hans er Anne Mette Skovhus og börn þeirra Mar-en Kristín, Markús Snælundur og Anna Vigdís; 3) Kristín María, f. 31.3. 1962, myndlistarmaður og kvikmyndateiknari, búsett í Mosfellsbæ, maður hennar er Jóhannes Eyfjörð og börn þeirra Guðrún Ýr, Matthías og Andri; 4) Ásdís, f. 7.11. 1967, d. 13.9. 2012, kennari, síðast í Borgarnesi; 5) Sveinn Óðinn, f. 2.11. 1972, vélstjóri, búsettur á Selfossi, en starfar eins og er í Grikklandi, kona hans er Guðrún Halldóra Vilmundardóttir skrifstofumaður og börn þeirra Ingimar Örn og Hafdís Rún.

Systkini Ingimars: Ásdís, f. 15.4. 1922, d. 15.8. 1991, fv. húsmæðrakennari og hóteltjóri; Jón Egill, f. 27.8. 1923, bóndi á Egilsstöðum.

Foreldrar Ingimars: Sveinn Jónsson, f. 8.1. 1893, d. 26.7. 1981, bóndi og oddviti á Egilsstöðum, og k.h., Sigríður Fanney Jónsdóttir, f. 8.2. 1894, d. 14 september 1998, húsfreyja og hótelhaldari á Egilsstöðum.



## Súsanna Sand Ólafsdóttir hestakona – 50 ára



**Fjölskyldan** Súsanna með eiginmanni sínum og dóttur, Guðmundi Björgvínssyni og Súsönnu Katarínu Sand.

# Temur, keppir, kennir, dæmir og ræktar hesta

**S**úsanna Sand Ólafsdóttir fæddist í Vestmannaeyjum 5.3. 1968 og ólst þar upp fram að gosi, 1973, en flutti þá til Þorlákshafnar og ólst þar upp eftir það: „Pabbi var á fiskibátnum Gunnari Jónssyni og við flúðum með þeim bát til Þorlákshafnar gosnóttina frægu. Ég man þetta ekki allt greinilega en man þó að ég var í brúnni og þegar við sigldum frá Eyjum sáuum við bjarmann frá gosinu lýsa upp himininn.

Allir flýttu sér sem mest þeir gátu og ég man að mamma sneri við til að sækja einhverja peninga sem gleymdust heima og við urðum náttúrulega dauðrædd um hana. En allir komust klakklaut frá Eyjum eins og alþjóð veit.“


Súsanna var í Grunnskólanum í



**Sonur og tengdadóttir** Rúrik Sand með eiginkonu, Erlu Guðrúnu, og syni.



## Úr frændgarði Súsönnu S. Ólafsdóttur



Þorlákshöfn og stundaði síðan nám við Húsmæðraskólann á Laugarvatni og við Héraðsskólann að Laugum í Þingeyjarsýslu. Þá lauk hún námi í tækniteiknun við Iðnskólann í Reykjavík, stundaði nám við Bændaskólann á Hólum í Hjaltadal og lauk þaðan búfræðiprófi af hrossaræktarbraut 1992, stundaði framhaldsnám við Háskólann á Hólum í reiðkennaradeild og útskrifaðist sem reiðkennari árið 2008 og var í námi í Ráðgjafaskóla SÁÁ 2003-2008.

Á unglingsárunum vann Súsanna í fiskvinnslu í Þorlákshöfn, var aðstoðarmaður tannlæknis í Reykjavík á árunum 1988-2000, vann við blikksmíðar um skeið og var ráðgjafi hjá SÁÁ á árunum 2003-2008.

Súsanna byrjaði að stússast í kringum hross þegar hún var kornung í Vestmannaeyjum. „Ég var aldrei alin upp við hross en hef haft

dálæti á hestum frá því ég man eftir mér. Ég man að ég safnaði saman brauði í poka handa þeim örfáu hestum sem voru í Eyjum. Ég fór á mitt fyrsta reiðnámskeið sex ára, hafði eignast minn fyrsta hest er ég var níu ára og hef verið með ólæknandi hestadellu síðan.“

Súsanna eignaðist ótamda meri er hún var 14 ára en það var fyrsta hrossið sem hún tamdi. Hún lærði síðan tamingar á Hólum og vann við tamingar með annarri vinnu frá 1992 en hefur eingöngu unnið við tamingar og reiðkennslu frá 2008 og er á félagssvæði Harðar í Mosfellsbæ. Auk þess hafa Súsanna og eiginmaður hennar stundað hrossarækt í smáum stíl, kennda við Hvítárholt. Hún er nú þjálfari, reiðkennari, íþrótt- og gæðingadómari.

Súsanna hefur verið knapi frá 1992 með góðum árangri. Hún hefur

verið kjörin íþróttakona Hestamannafélagsins Harðar í Mosfellsbæ, verið tilnefnd sem gæðingaknapi ársins á vegum Lands sambands hestamannafélaga og hefur nokkrum sinnum verið tilnefnd sem íþróttakona Mosfellsbæjar.

Súsanna hefur verið formaður Félags tanningamanna frá 2013. Hún hefur unnið mikið að félagsmálum hestamanna: „Hér á ég ekki við setu í ráðum og nefndum, heldur í formi opinna málþinga, fræðslukvölda og pistla. Eg hef einkum haft áhuga á bættum samskiptum, opinni fræðslu og samtali í hestamenskunni, milli knapa, dómara, aðstandenda og allra sem að móta haldi koma, milli kennara, nema og nálgun í kennslu. Þessi viðleitni snýst kannski fyrst og fremst um það að byggja upp fremur en brjóta niður mórallinn og um það að fólk tali saman í stað þess að tala hvert um annað. Þetta á auðvitað alls staðar við, en lífið verður bara svo miklu betra ef við öll drögum úr kvörtunum og dómhörku hver í sínu horni og stundum fordómalaus hestamenskun, enginn er eins.

Auk þess má svo bæta því við að ég er hálfæreyisk og fer reglulega til Færeyja til að kenna reiðmennsku.“

### Fjölskylda

Eiginmaður Súsönnu er Guðmundur Björgvinsson, f. 25.8. 1966, símsmiður. Hann er sonur Björgvins Guðmundar Ingibergssonar, f. 11.7. 1944, fyrrv. símsmiðs, og k.h., Sólveigar Guðmundsdóttur, f. 23.3. 1948, fyrrv. matræðs. Þau búa í Reykjavík

Börn Súsönnu og Guðmundar eru Rúrik Sand, f. 12.12. 1984, rekur eigið fyrirtæki í Reykjavík, búsettur þar en kona hans er Erla Guðrún Grétarsdóttir nemi og er sonur þeirra Rökkvi Hrafnar Sand, f. 2016, og Súsanna Katarína Sand, f. 27.11. 1996, nemi í dýralækningum á Spáni.

Bræður Súsönnu: Óskar Þór Sigurðsson, f. 26.3. 1960, d. 17.12. 2007, véltæknifræðingur í Þorlákshöfn, var kvæntur Ástu Margrétu Grétarsdóttur og eignuðust þau tvö börn, og Andri Ólafsson, f. 20.2. 1965, húsasmíðameistari á Selfossi og á hann tvo syni.

Foreldrar Súsönnu: Ólafur Sand-Edvinsson, f. 17.9. 1934, d. 19.12. 1995, sjómaður, af færeyskum ættum, og Guðrún Lísu Óskarsdóttir, f. 1.1. 1936, grunnskólakennari á Selfossi.



Morgunblaðið, 24.05.2018, síðu 18  
grein stærð: 148.97 sm<sup>2</sup>  
grein hæð: 14.72 sm

## Andlát

# Sveinbjörn Dagfinnsson, fv. ráðuneytisstjóri

Sveinbjörn Dagfinnsson, hrl. og fv. ráðuneytisstjóri, lést 16. maí sl. á hjúkrunarheimilinu Sóltúni í Reykjavík, á 91. aldursári.

Sveinbjörn fæddist 16. júlí árið 1927, sonur Dagfinns Sveinbjörns-sonar og Magneu Óskar Halldórsdóttur. Systir Sveinbjörns var Anna Þuríður, f. 1936, d. 1983.

Sveinbjörn lauk barnaskólagöngu í Austurbæjarskóla. Hann lauk stúdentsprófi frá MR árið 1947, embættisprófi á fjórum árum frá lagadeild Háskóla Íslands árið 1952 og las félagarétt við Ludwig-Maximilians-Universität München 1953-54. Hann lauk prófmálum til að flytja mál fyrir héraðsdómi 1955 og hæstarétti 1961 og var þá yngstur hæstaréttarlögmannna á Íslandi.

Sveinbjörn var fulltrúi í dóms- og kirkjumálaráðuneyti 1954-58, deildarstjóri og síðar skrifstofustjóri í landbúnaðarráðuneyti 1958-73 og síðan ráðuneytisstjóri 1973-95.

Framan af starfsferli sinni Sveinbjörn jafnframt margvíslegum lögmannsstörfum og var m.a. um árabíl lögfræðingur Félags íslenskra at-



vinnuflugmanna (FÍA).


Sveinbjörn sat í fjölmörgum stjórnum og nefndum, m.a. í stúdentaráði Háskóla Íslands, stjórn Orators, félags laganema, var formaður Byggingasamvinnufélags starfsmanna Stjórnarráðsins, sat í yfirkjörstjórn Reykjavíkur, var í stjórn hestamannafélagsins Fáks og síðar formaður.

Sveinbjörn var heiðursfélagi Skógræktarfélags Íslands, hestamannafélagsins Fáks og Landssambands hestamannafélaga.

Sveinbjörn var kvæntur Pálínu Hermannsdóttur, sem lést 4. apríl sl., á 89. aldursári. Foreldrar Pálínu voru Hermann Jónasson forsætisráðherra og Vigdís Oddný Steingrimsdóttir.

Sveinbjörn og Pálína eignuðust fimm börn; Hermann, Vigdís Magnu, Dagfinn Örn, sem lést á fyrsta aldursári, Lóu Kristínu og Dagfinn. Barnabörnin eru tíu og barnabarnabörnin jafnmörg.

Útför Sveinbjörns verður frá Dómkirkjunni í Reykjavík föstudaginn 1. júní næstkomandi kl. 15.



# Vildu frekar ríða til Þingvalla

● Fyrsta landsmót hestamanna var haldið við Hvanngjá á Þingvöllum árið 1950 ● Ein af fjölsóttustu samkomum sem þá höfðu verið haldnar ● Landsmótið á Pveráreyrum í Eyjafirði 1954 varð sögulegt

## LANDSMÓT

Helgi Bjarnason  
helgi@mbl.is



Landsmót hestamanna hafa verið haldin reglulega frá 1950, fyrst á fjögurra ára fresti en síðustu tvo áratugin á tveggja ára fresti. Landsmótin eru mikilvægustu samkomur hestamanna, þar eru hrossaræktin og reiðmennskan gerð upp og staðan tekin.

Fyrsta landsmótið, eða landssýningin eins og rætt var um í fyrstu, var haldið á Þingvöllum í júlí 1950. Hún átti sér nokkurn aðdraganda. Mikilvægust er Þingvallareiðin 1941. Þangað komu hópar frá fjórum hestamannafélögum á Suður- og Vesturlandi og var ákveðið að stefna að stórsýningum á Þingvöllum á nokkurra ára fresti. Fyrsta mótið var þó ekki haldið fyrr en 1950, hálfu ári eftir að Landsamband hestamannafélaga (LH) var stofnað.

### Valið milli staða

Pegar til kastanna kom voru Þingvellir ekki jafn sjálfsagður kostur fyrir fyrstu sýninguna og menn höfðu talið. Vitað var að mikill kostnaður yrði við sýningarhald þar og þeir peningar voru ekki til, eins og fram kemur í riti Steinþórs Gestssonar um fyrstu árin í sögu LH. Þess vegna var Reykjavík einnig í kortunum en grunnaðstaða var þar fyrir hendi hjá Fáksmönnum. Niðurstaðan varð eigi að síður sú að halda sýninguna á Þingvöllum. Þegar upp var staðið var sérstaða Þingvalla í hugum manna helstu rök. Menn vildu frekar ríða til Þingvalla en Reykjavíkur.

Leyfi fékkst hjá Þingvallanefnd og var mótið haldið á Leirum, neðan Hvanngjár, 6.-9. júlí. Sýnd voru og dæmd kynbóthross og gæðingar. Það er enn uppstaðan í dagskrá landsmóta hestamanna þótt fyrirkomulag og dómari hafi þróast mikið í tímans rás. Búnaðarfélag Íslands, forveri Bændasamtaka Íslands, stóð að kynbótasýningunni og gerir enn.



Ljósmynd úr Sögu LH í 35 ár

**Landsmót 1958** Landsmóttsvæði var byggt upp í Skógarhólum og þar voru fjögur landsmót haldin. Myndin var tekin þegar hópreið var að hefjast.

### Straumhvörf í hugarfari

Kappreiðar með veðbankastarfsemi voru einnig mikilvægur þáttur í mótinu eins og lengi var og sá dagskrárliður sem margir áhorfendur komu sérstaklega til að fylgjast með og taka þátt í. Lítið var á kappreiðarnar sem hlíðargrein sem þó væri ekki hægt að hunsa algerlega.

Sýningin var hinn merkasti viðburður, eins og Steinþór Gestsson skrifar. Í fyrsta skipti í sögu hrossaræktarinnar var efnt til landsýningar sem einvörðungu var fyrir kynbóthross sem talin voru hæf til reiðhestaræktar innan íslenska hrossastofnsins. Gunnar Bjarnason hrossaræktarráðunautur getur þess í bók sinni, *Ættbók og sögu íslenska hestsins*, að sýningin hafi skapað straumhvörf í hugum Íslendinga gagnvart hestinum. Menn hafi þar



Morgunblaðið/Góll

**Landsmót 1994** Knapri tekur hest sinn til kostanna á kynbótasýningu á landsmótinu á Gaddstaðafötum við Hellsu sumarið 1994.

skynjað menningarlegt gildi reiðhestsins og reiðmennskuþróttarinnar.

Talið er að allt að 10 þúsund manns hafi sótt Þingvallamótið, fólk víða að. Það var haft til marks um fjöldann að aðeins Alþingishátíðin 1930 og Lýðveldishátíðin 1944, sem báðar voru haldnar á Þingvöllum hafi verið fjölmennari en hátíð hestamanna.

### Veðrið ræður mikklu

Eftir þetta mót voru landsmót haldin á fjögurra ára fresti allt til ársins 1998 að skipt var um takt og farið að halda mótin á tveggja ára fresti. Mótin þróuðust mikið. Þannig fjölgaði hrossum smám saman. Á fyrsta mótinu voru 133 hross en þau voru orðin um 800 þegar farið var að halda mótin á tveggja ára fresti. Þá hafa kröfur til hrossanna verið auknar mikið.

„Ef maður skoðar myndir frá

## UPPBYGGING Í SKÓGARHÓLUM

### Átti að vera fastur mótsstaður

Landsamband hestamannafélaga hafði áhuga á að byggja upp einn fastan landsmótsstað á upphafsárum landsmótanna. Þingvellir voru mönnum alltaf ofarlega í huga, ekki sist eftir velheppnað upphafsmót. Fékkst aðstaða við Skógarhóla á Þingvöllum og ákveðið að byggja þar upp.

Steinþór Gestsson segir í sögu LH að hugmyndir um einn landsmótsstað hafi mótast sérstaklega af því að góður staður yrði ekki sómasamlega búinn aðstöðu fyrir menn og hesta án þess að kosta þar miku til. Það yrði aðeins gert ef kröftunum yrði ekki dreift og samstaða hestamanna um staðinn væri almennt og traust. Raunar heyrðust einnig raddir um að ekki væri rétt að binda mótin við einn stað.

Skógarhólar á Þingvöllum urðu fyrir valinu. Ráðist var í framkvæmdir en þær gengu hægt vegna fjárskorts. Þar var þó haldin fjögur mót á árunum 1958 til 1978.

### Mót á fleiri stöðum

Í byrjun sjöunda áratugarins var ákveðið að halda mót norðanlands og urðu Hólar í

Hjaltadal fyrir valinu í það skiptið. Í þeirri ákvörðun fólst í raun að annað hvert mót skyldi vera norðanlands og hitt í Skógarhólum. Skógarhólar dattu hins vegar út úr myndinni vegna aðstöðu Þingvallanefndar og ónógrar samstöðu hestamanna um uppbyggingu þar.


Þá komu Gaddstaðaflatir við Hellsu til sögunnar sem mótsstaðurinn sunnanlands.

Staðarval fyrir landsmót hefur löngum verið eitt viðkvæmasta málið í röðum hestamanna, oft hefur komið til heiftarlegra deilna og stundum legið við varanlegum klofningi.

Þegar kröfur fóru að aukast um aðstöðu fyrir knapa og gesti, ekki sist erlenda gesti sem sóttu mótin í vaxandi mæli, var farið að líta meira til höfuðborgarsvæðisins. Fyrsta mótið í Reykjavík var haldið árið 2000 og mótið sem haldið verður í sumar verður þriðja mótið á félagssvæði Fáks. Þá hefur verið ákveðið að halda mótið eftir fjögur ár á Kjávöllum í Kópavogi og Garðabæ.

Þeir staðir sem einkum eru inni í myndinni nú, auk höfuðborgarsvæðisins, eru Hella og Hólar í Hjaltadal.





Morgunblaðið/Einar Falur Ingólfsson

**Landsmót 1990** Mótin á áttunda og níunda áratugnum voru vel sótt. Myndin er tekin þegar landsmótið á Vindheimamelum 1990 stóð sem hæst

fyrrstu landsmótunum sér maður að hrossin í dag eru miklu betur tamin og þjálfuð. Það er sérstakt fólk í þessu, menntað til starfa. Ég tel að meiri breyting hafi orðið á reiðmennskunni heldur en kynbótunum þótt þar hafi einnig orðið framfarir," segir Kári Arnórsson, hrossaræktandi og fyrrverandi skólastjóri og forystumaður LH.

Mótin voru alltaf vinsæl en fjöldi áhorfenda sveiflaðist þó talsvert. Aðsóknin fór eftir staðsetningu þeirra og ekki síst veðri. Raunar var veður sjaldnast blítt alla landsmótsdagana. Þótti það tíðindum sæta þegar svo var.

#### Rífast um hestaættir

Annað landsmót hestamanna var haldið á Þveráreyrum í Eyjafirði sumarið 1954. Það var fyrsta mótið sem Kári sótti, 14 ára gamall. Þá stóðu áhorfendur hringinn í kringum

völlinn enda ekki farið að huga að því að gera áhorfendabrekkur hvað þá að koma upp pöllum með sætum. Mótið á Þveráreyrum varð sögulegt. Í fyrsta lagi má nefna að svo mikið úrfelli varð á Öxnadalshéiði og í Skagafirði að allar leiðir að vestan lokuðust. Komust því ekki nærri öll hross og gestir að vestan á mótið.

Þá gerðist það að heiftarlegur ágreiningur kom upp í dómnefnd svo hún náði varla að ljúka störfum. Snerist deilan um gildi hrossaætanna sem kenndar voru við Hornafjörð fyrir reiðhestarektina og samanburð við hross af Svadaðastofninum úr Skagafirði.

Hvor fylking hélt sínu fram og Gunnar Bjarnason hrossaræktarráðunautur vildi ekki láta dæma Hornafjarðarhrossin niður en var undir eftir tveggja sólarhringa þrætur um daga og nætur, eins og hann segir frá í Ættbók og sögu.



Morgunblaðið/Golli

**Landsmót 1994** Áhorfendur koma sér vel fyrir í brekkunni á landsmótiinu á Gaddstaðaflötum við Hellsu. Mörg velheppnuð landsmót hafa verið þar.

#### KÁRI ARNÓRSSON

## Menn verða sjúkir í að stunda þetta

Eftirminnlegasta landsmót Kára Arnórssonar, fyrrverandi skólastjóra og formanns Landsambands hestamannafélaga um árabíl, er mótið á Hellsu árið 1994. Þá átti hann hryssu. Flugu frá Hnjúki í Vatnsdal, sem fékk fyrstu verðlaun fyrir afkvæmi.

„Það var mjög glæsilegt mót og fram komu ágætir hestar en fólk man sérstaklega eftir því þegar það nær einhverjum árangri sjálft. Öll mín hross eru undan Flugu og sum hafa náð langt," segir Kári.



Kári Arnórsson

Kári fór á sitt fyrsta landsmót á Þveráreyrum 1954 og hefur sótt öll mót frá Skógarhólum 1970 og er búinn að kaupa miða á mótið í Reykjavík í sumar. „Þetta er alltaf mikil upplifun, þótt mótin séu misjöfn. Alltaf nýir gæðingar og kynbóthross sem vekja athygli. Þetta er eins og golfið, menn verða sjúkir í að stunda þetta," segir Kári um landsmótin.

#### Lífið snýst um hesta

Hann er með eigin ræktun á Vindási við Hvolsvöll og ver miklum tíma þar á sumrin. Hann tekur undir þau orð að hestamennskan sé hans lífsstíll.

„Það verður áráttu að vera í hestamennsku, hvort sem er reiðmennska eða hrossarækt. Fjölskyldulífið snýst mikið um hesta og hestamennsku og að fylgjast með heima og erlendis. Það hlýtur að vera lífsstíll þegar menn haga lífi sínu töluvert eftir áhugamálinu," segir Kári Arnórsson.

#### SIGURBJÖRN BÁRDARSON

## Notaði fermingarpenginana til að kaupa hest

„Þarna eignaðist ég minn fyrsta hest," segir Sigurbjörn Bárðarson, sigursælasti hestamaður landsins, þegar hann rifjaði upp fyrsta landsmótið. Það var á Hólum í Hjaltadal árið 1966, á fermingarárinu.

„Ég fermdist um vorid og það boð hafði verið látið út ganga að drengurinn hefði mikinn áhuga á hestum og snúðugast væri að gefa honum pening til að kaupa hest," segir Sigurbjörn. Einar Örn Grant kom ríðandi frá Akureyri með hóp af trippum. Þar sá Sigurbjörn svartskjöttan hest, „indjánahest", sem rifjaði upp minni úr Roy Rogers-kúrekakvikmyndunum úr Austurbæjarbíói. Hann kostaði 14.500 krónur, Sigurbjörn átti fyrir honum og kaupin voru gerð.

„Síðan hef ég mætt á öll mót. Þetta var fullorðinsmannasport en ég keppti á mínu fyrsta móti á Skógarhólum 1970 og komst í verðlaunaseti," segir Sigurbjörn.


Eftirminnlegasta mótið hans er þó á Vindheimamelum árið 2006. Skýringin er einföld, fyrir utan veðursældina og sjarmann yfir Skagafirði sem alltaf yljár Sigurbirni um hjartarætur. Hann náði þar góðum árangri með hesta úr eigin ræktun. Það segir hann að hafi verið sérstaklega ánægjulegt og sitji eftir í minningunni.



Morgunblaðið/Kristinn

Hestamaður Sigurbjörn Bárðarson á Markúsi frá Langhóltsparti á landsmóti í Reykjavík árið 2000.





# Stærsti markaðsgluggi hestsins

● Landsmót hestanna hafa þróast með hestamennskunni ● Auknar kröfur til hrossa og framfarir í tanningum og þjálfun ● Sömuleiðis eru gerðar meiri kröfur um góða aðstöðu fyrir knapa, hross og gesti

## LANDSMÓT

Helgi Bjarnason  
helg@mbi.is



Landsmót hestanna skipta miklu máli fyrir hestamennskuna, ekki aðeins sem uppskeruhátíð ræktenda og keppenda, heldur einnig sem samkomu allra sem áhuga hafa á íslenska hestinum. „Pau eru stærsti kynningar- og markaðsgluggi íslenska hestsins og allra viðskipta sem tengjast hestamennsku. Það er margt annað í boði og til þess að mótin haldi gildi sínu þarf að hafa þau á stöðum sem gefa þeim tækifæri til að vaxa og dafna,“ segir Haraldur Þórarinsson, fyrrverandi formaður Landsambands hestamannafélaga (LH).

Haraldur hefur ekki hviðað frá sjónarmiðum sínum um að halda eigi landsmótin þar sem besta aðstaðan er fyrir knapa, hesta og innlenda jafnt sem erlenda gesti. Stjórn LH vildi hætta við áformað landsmót á Vindheimamelum árið 2016 vegna aðstöðuleysis og minni tekjumöguleika og halda það á nýju mótssvæði Sprettis í Kópavogi og Gardabæ. Stjórnin fékk á sig hálfgeft vantraust á landsþingi LH haustið 2014 vegna þess og sagði af sér. Ný stjórn ákvað að semja við Skagafirðinga um að halda mótið, ekki á Vindheimamelum heldur á Hólum þar sem sveitarfélagið og ríkið byggðu upp nýjan keppnisvöll með öllu tilheyrandi.

Haraldur bendir á að haldin séu hestamannamót víða um land og deildir yfir vetrar tímamót. „Auk þess er stóruhluti framboð af allskonar skemmtunum sem jafnvel er frítt inn á en selja verður inn á landsmótin til að hægt sé að halda þau í núverandi mynd. Til þess að þau haldi stöðu sinni verður því að halda þau við úrvælingarstöðu sem nýttast allan ársins hring til eflingar hestamennskunnar. Þær eru ekki fyrir hendi nema á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri, allavegana eins og er,“ segir Haraldur.

## Breytingar á umgjörð

Landsmótin hafa verið haldin við mismunandi aðstöðu frá því markaður var bráðabirgðavöllur við Hvanngjá á Þingvöllum og fyrsta mótið haldið sumarið 1950. Fyrstu áratuginna var reynt að finna vallaarstaði sem talin voru góð frá náttúrunnar hendi, fyrst á Þingvöllum og síðan í Eyjafirði, Skagafirði og á Hellu. Aðstæður voru misjafnar á fyrstu mótunum og sjaldnast aðgengur að reiðhöllum og hesthúsum en mikill metnaður hjá hestamönnum að gera sem best út þeim aðstæðum sem voru. Mörgum hefur þótt skemmtilegt að sækja mótið á landsbyggðinni, því hefur fylgt ákveðin rómantík. Seinni árin hafa kröfur um bættu aðstöðu fyrir hesta, knapa og aðra gesti aukist.

Lengi vel riðu keppendur og gestir á landsmót, oft langar vegalengdir. Hestarnir voru settir í gírðingar og fólkíð gisti aðallega í tjöldum. Mikil breyting hefur orðið á þessu. Nú eru hjólfýsi áberandi á tjaldsvæðunum og gestir gista á hótélum þar sem kostur er á. Þótt einn ríði hópar á landsmót eru keppnishestarnir undantekningarlaust fluttir á bílkerrum.

Landsmótin urðu vinsælar samkomur, útiþáttir, og gert út á það með skemmtidagskrá sem því hefur. Algeengt var að yfir 10 þúsund gestir mættu. Ekki voru nærri allir áhugamenn um hesta heldur komu til að skemmta sér á ýmsan annan hátt. Tólvert slark var á samkomunum, eins og á öðrum útiþáttum.

Talið er að festir hafi sótt mótið á Skógarhólum 1978, Hellu 1986, Vindheimamelum 1990 og Hellu 2008, 13-15 þúsund mams, ef marka má uppgæfnar aðskrártölur. Færri gestir hafa verið síðustu árin.

Þótt einn sé útiþáttarstemming á mótum sem haldin eru utan höfuðborgarsvæðisins virðist hluttur þeirra sem sækja mótið af einskærnum áhuga á hestadagskránni fara vaxandi. Þar eru



Morgunblaðið/Ómar

Hella 2008 Breiðfylking glæsilegra reiðhesta og knapa í löngum röðum var við setningu móts á Gaddstaðflötum. Fánareidir er fastur liður í landsmótum.

## Landsmót hestanna

Ár	Mótsstaður	Skráð hross	Gestir*	Ár	Mótsstaður	Skráð hross	Gestir*
1950	Þingvellir	133	8-10.000	2000	Reykjavík	888	8-9.000
1954	Þveráreyrar	142	4-5.000	2002	Vindheimamelar	844	6-7.000
1958	Skógarhólar	209	6-8.000	2004	Hella	817	11.500
1962	Skógarhólar	227	6.500-7.000	2006	Vindheimamelar	908	11-12.000
1966	Hólar	212	4-5.000	2008	Hella	957	14.000
1970	Skógarhólar	384	10.000	2011	Vindheimamelar	908	7.000
1974	Vindheimamelar	278	10.000	2012	Reykjavík	945	9.500
1978	Skógarhólar	389	15.000	2014	Hella	979	10.000
1982	Vindheimamelar	518	10.000	2016	Hólar	927	8.500
1986	Hella	700	14.000	2018	Reykjavík		
1990	Vindheimamelar	758	13.000	2020	Hella		
1994	Hella		10.000	2022	Kópavogur/Gardabær		
1998	Melgerðismelar	756	8.000				

\* Ætlaður fjöldi

## JÁKVÆÐNI Á HÓLAMÓTINU

### Áhyggjur af líttilli nýliðun

Landsmótið sem haldið var á Hólum í Hjaltaðal fyrir tveimur árum stóðst og fór að hluta til fram úr væntingum markhópsins sem rannsókn Ferðamálaeiddar Háskólans á Hólum beindist af. Þetta er meginúrráða ritstjóra rits sem skóllinn gaf út um rannsóknir á landsmótinu, þeirra Guðrúnar Helgadóttur og Ingi-bjargar Sigurðardóttur.

Þær taka fram að væntingar til mótsstaðarinnar kunni að hafa verið minni sökum þess hve seint hann var ákveðinn. Upplifun gesta og heimamanna af honum var jákvæð. Framkvæmd mótsins fékk jákvæða dóma meðal þátttakenda og þá sérstaklega að mótsstaðarinn bauð upp á aðstöðu sem þjónaði bæði áhorfendum, keppendum, sýnendum og hrossum vel.

Önnur meginúrráða þeirra er að marka þurfi skýrari stefnu um þjónustu við erlenda gesti og sjálfbodaliða. Ekki er gefið að ástæða sé til að markasetja mótið fyrir breiðari markhóp, fremur virðist þörf á að efla þjónustu við þann afmarkaða markhóp sem tilheyrir Íslands-hestaheiminum í öðrum löndum. Þær segja mikilvægt fyrir erlenda gesti að fá upplýsingar um dagskrá og skipulag mótsins með löngum fyrirvara. „Þá er rétt að hafa í huga að þó það sé vissulega góður árangur hve stór hluti Landsmótsgesta er tryggur markhópur sem lætur sig helst ekki til lengri tíma lítið,“ segir í niðurstöðunum.

Í þriðja lagi er ljóst að efnahagsleg áhrif landsmóts hestanna eru umtalsverð á því svæði sem mótið er haldið. Niðurstöður benda til að efnahagsleg áhrif mótsins á meðan á því stóð, hafi verið um 160 milljónir íslenskra króna, varlega ætlað. Er þá ótalin önnur efnahagsleg áhrif, svo sem velta viðburðarinn sjálf.



Hóladómkirkja

erlendir gestir áberandi. Fólk fylgist með sýningum og keppni frá morgni til kvelds, spár og spekulera.

## Haldin á tveggja ára fresti

Um aldamót var ákveðið að halda mótið á tveggja ára fresti í stað fjögurra og fyrsta mótið samkvæmt því dagatali var haldið í Reykjavík árið 2000. Haraldur segir að tilgangurinn hafi verið að auka samféluna fyrir þau sem hafa áttvinnu af tanningum og ræktun hrossa, byggja brú fyrir hestategnda ferðaþjónustu og hafa stórnót á hverju ári, á móti Heimsleikum íslenska hestsins. Jafnframt var ákveðið að stofna sérstakt félag um mótsaldið, Landsmót ehf. „Tilgangurinn var að halda utan um þekkinguna og lykilarstærsmenn og þróa mótið þannig áfram og um leið að minnka áhættu hestamannafélaganna á viðkomandi svæði af rekstrinum,“ segir Haraldur. Landsmót ehf. féll mótið frá 2002 til 2016. Það lenti í fjárhagslegum hremmingum þegar fresta var mótið sem haldið átti í Skagafirði árið 2010 um eitt ár vegna hestapestar sem grassaði í landinu. Kom þá vel í ljós hversu mikilvægt þetta fyrirkomulag var, að sögn Haraldar. „Þrátt fyrir ýmsar ógnanir hafði það fyrirkomulag að halda mótið oft og fela það einum framkvæmdaraðila

sannað sig enda frábær hópur lykilarstærsmanna sem hefur þróað mótið til dagsins í dag,“ segir Haraldur.

Sigurbjörn Bårdarson hestamaður segir að það hafi verið til góðs þegar farið var að halda mótið á tveggja ára fresti í stað fjögurra. „Menn voru að tala um að þau myndu þynnast út en ekki má gleyma því að þau eru mikilvæg samkomu fyrir hestamenn og markaðsgluggi fyrir ræktendur.“

## Fjarar undan gúrúnum

Framkvæmd móttanna er orðin faglegri og hefur þróast með hestamennskunni. Gæðingakeppni var skipt upp í A- og B-flokk árið 1970 og kröfur til gæðinga og kynbótahrossa hafa smám saman verið auknar. Keppni var hafin í unglingaflokkum árið 1978.

Sigurbjörn rifjar upp að áður fyrr hafi þrjú karlar í frakkka ráðið öllu. Þeir hafi farið á bak, gefið út lýsingu og ákveðið röðun hestanna. Það hafi verið mikil framför þegar fleiri dómarmark komu að, spjaldaðómarmark hringvelli teknur upp og farið var að dæma vilja sjónrænt. „Þá fór að fjara undan gúrúnum sem fór á bak og réð öllu. Dómurinn var ekki eins huglægur og áður og áhorfendur fengu þetta tækifæri til að fylgjast með og taka þátt.“

Ekki þarf að eyða miklum tíma í að skoða gamlar og nýjar ljósmyndir frá landsmótum til að sjá hversu mikið útlit hestanna hefur breyst frá upphafsárunum. Eiginleikarnir hafa breyst samsvarandi. „Því má líkja við ævintýri,“ segir Haraldur um framfarirnar.

Hjalte Jón Sveinsson, skólameistari og fyrrverandi ritstjóri Eiofaxes, segir miklar framfarir hafa orðið í hrossa-ræktinni, tanningum og þjálfun. Miklu fleiri kynbótahross séu komin fram og mikil vinna lögð í að velja hrossin inn á mótið og í sýningarnar. „Íslenskir reiðmenn hafa verið að tilkoma sér það besta í reiðmennskunni og einn með hrossin svo vel undirbúin að unun er á að horfa,“ segir Hjalte Jón.

## HJALTI JÓN SVEINSSON

### Kappplaup um fréttirnar

Hjalte Jón Sveinsson, skólameistari Kvennaskólans í Reykjavík og fyrrverandi ritstjóri Eiofaxes og Hestsins okkar,



þar fyrst á landsmót á Vindheimamelum árið 1982. „Við fórum ríðandi yfir Kjól. Þetta var frábært mót. Þar var Hrínnir frá Hrafnagili í aðalhlutverki

og fullt af flöttum hestum,“ segir Hjalte Jón.

Hann var að vinna við fréttafötum allt mótið. Tók upp efnid og skrifaði jafnarðan. Sigurður Sigmundsson í Syðra-Langholti annaðist ljósmyndun. „Mig minnir að á þessu móti hafi ég líka verið að senda fréttir í útvarpið. Fór þá í gömlu simstöðina í Varmahlíð til að koma efninu frá mér. Mogginn var alltaf með sinn mann á mótunum, Valdimar Kristínsson, en aðrir almennir fjálmóðlar voru þá að vakna til vitundar um að þetta væri skemmtilegt efnid. Kappplaup var um að vera með bestu umfjöllunina og fyrstu með fréttirnar,“ segir Hjalte Jón.

Hjalte Jón segist stunda hestamennsku sér til ánægju. Hann er með nokkra hesta í húsi í Víðidal. Fjölskyldan ferðist mikið á sumrin. Þá reyni hann að halda sambandi við félagið sem hann hefur eignast í gegn um tíðina um allt land. „Það er til marks um það hvað ég er orðinn gamall að ég er að fá kvæðir í gegnum nemendur mína frá áfara þeirra eða ömmu í Skagafirði eða annars staðar á landinu.“

Hestamennskan er gefandi, að sögn Hjalta Jóns, og á þá við öll verkin, ekki aðeins útreiðarnar. „Fyrir kyrrsetumandi eins og mig er þetta mikilvæg hreyfing, að moka skít, hirta hrossin, ríða út og þjálfa. Ég segi stundum um ég breppi jafn mörgum kaloríum í hesthúsinu og félagar minar í spinningtíma. Þetta er nauðsynleg hreyfing og skemmtilegt að geta stundað hana fram eftir aldrin,“ segir Hjalte Jón.



innocent  
**Hörkustöff frá  
náttúrunni. Í flösku.**



Morgunblaðið, 21.06.2018, síðu 34  
grein stærð: 64.15 sm<sup>2</sup>  
grein hæð: 15.07 sm

## **HARALDUR ÞÓRARINSSON**

# Stundum sofið í brekkunni




Haraldur  
Þórarinsson

**Haraldur Þórarinsson í Laugardælum fór á sitt fyrsta landsmót í Skógarhólum árið 1970. Hann var þá sextán ára og fór með föð-**

**ur sínum og fleiri fullorðnum mönnum. Hann sótti flest mót til ársins 2014.**

Meira fjör var hjá honum á næstu mótum. Hann nefnir að mótið á Vindheimamelum sumarið 1974 hafi verið eftirminnilegt. Þar hafi verið mörg góð hross og nefnir sérstaklega Núp frá Kirkjubæ og Ör frá Akureyri. Mannlífið var ekki síður skemmtilegt. „Maður skemmti sér mikið, söng og lék sér fram eftir nóttu. Brekkan var meira notuð til að sofa á þessum tíma, nema þegar sérstakir hestar voru á ferð,“ segir Haraldur.

Hann keppti á landsmótunum 1982 og 1986, bæði á eigin hestum og annarra. Seinna var hann um langt árabíl í stjórnunarstörfum, meðal annars formaður Landssambands hestamannafélaga, og sótti landsmótin í því hlutverki.



Morgunblaðið/Árni Sæberg

„Við bindum miklar vonir við að geta í framtíðinni notað gervigreind til að gera WorldFeng að ennþá betra greiningartæki til rannsókna á eiginleikum íslenska hestsins,“ segir Jón Baldur Lorange.

# WorldFengur heldur áfram að vaxa

Gagnagrunnurinn WorldFengur er hafsjór fróðleiks og á engan sinn líka í hestaheiminum. Verkefnið hefur þróast í gegnum árin og hjálpað ræktendum að efla íslenska stofninn

Ásgeir Ingvarsson  
ai@mbli.is

Þegar við höfum sýnt erlendum aðilum WorldFeng þá trúa þeir varla að svona gagnagrunnur á heimsvísu skuli vera til um eina hestategund, og ekki laust við að þeir fíti til okkar ofúndaraugum enda hvernig að finna nokkuð þessu líkt, svo ég víti til.“

Þetta segir Jón Baldur Lorange, verkefnisstjóri WorldFengs-verkefnisins og framkvæmdastjóri búnaðarstofu MAST.

WorldFengur (www.worldfengur.com) er, að grunni til, nærri þriggja áratuga gamalt verkefni sem í dag hefur að geyma hafsjó upplýsinga um erfðir og eiginleika margra hundrða þúsunda íslenskra hesta. Gagnasafnið hefur m.a. nýst vel til að draga fram æskilega eiginleika í stofninum og verið ómetanlegt hjálpartæki við að ná fram þeim miklu framförum sem orðið hafa í ræktun íslenska hestsins hér á landi sem annars staðar.

„Fengur var heitið á lokaverkefni sem ég gerði ásamt tveimur skólafélögum mínum við tölvuháskóla Verslunarskóla Íslands sem síðar rann inn í Háskólann í Reykjavík. Þetta var árið 1991 og bar þannig til að Búnaðarfélagið, forveri Bændasamtaka Íslands, hafði óskað eftir aðstoð við að byggja upp gagnagrunn og skýrsluhaldskerfi í hrossarekt til að hýsa á tölvutæku forni ættbók sem hafði verið geymd á bókum allt frá byrjun 20. aldar,“ segir Jón Baldur.

## Ný tækni og ný vinnubrögð

Þegar fyrsta útgáfa Fengs var tilbúin voru um það bil 9.000 hross í gagnagrunni sem var notaður til útreiknings á kynbótamati. „Tveir hrossarektarráðgjafar, Kristinn Hugason og Þorkell Bjarnason, voru þá hjá Búnaðarfélaginu og fengust m.a. við að byggja upp skipulag í greininni, samræma kynbótadöma og festa í sessi nýtt kynbótamat í hrossarekt. Tveimur árum eftir að Fengur leit fyrst dagsins ljós var búið að þróa kerfið

þannig að gögnum frá kynbótasýningum var safnað jafnóðum, með rafrænum hætti, frá landinu öllu í miðlægum gagnagrunni. Var það gert með svokallaðri miðlara- og biðlara-tækni, en þetta var nokkru fyrir tíma netsins eins og við þekkjum það í dag,“ útskýrir Jón Baldur. „Það voru vissulega tímamót árið 1993 að skrá kynbótadöma beint í miðlægum gagnagrunn hvar sem var á landinu, en nokkuð sem þætti ekki tiltökumál í dag.“

Um þetta leyti voru einkatölur að ryðja sér til rúms og kom fljótlega í ljós að eftirspurn var eftir útgáfu af Feng sem fólk gæti notað heima hjá sér. „Við bjuggum því til EinkaFeng sem var forrit fyrir PC-tölvur og þegar mest var kom forritið á 27 disklingum sem notendur þurftu að hlaða inn í tölvur sínar. ÍslandsFengur kom svo á markað árið 1998 en það var margmiðlunarútgáfa á geisla-diski. Þótti ÍslandsFengur einnig vera tíma-mótútgáfa enda mikið lagt í útlitið og ljós-myndir sýndar af helstu kynbótahrossum. Þá var einnig kynnt til sögunnar svokölluð heimarett, sem er ennþá mikilvægur hluti af WorldFeng.“

## Með þeim fyrstu á netinu

VeraldarFengur fór í loftið árið 1997 og segir Jón Baldur að um hafi verið að ræða einn fyrsta gagnagrunninn sem var opnaður á netinu. Með aðstoð Skýr, nú Advania, tókst að gera VeraldarFeng að veruleika og þannig koma til móts við þarfir ræktenda íslenska hestsins um allan heim. „Um leið skapast möguleiki á að búa til eina sameiginlega upprunaættbók íslenskra hesta í öllum löndum. Var það m.a. gert sökum þrýstings frá Dön- og Svisslendinum, og þökk sé raunarlegum fjárstuðningi frá íslenska ríkinu, þegar bændavinurinn Guðni Ágústsson var landbúnaðarráðgjafi, tókst að opna nýjan og endurbættan WorldFeng, upprunaættbók íslenska hestsins á heimsmestaramóti íslenska hestsins í Austurríki 2001.“

WorldFengur er samstarfsverkefni Bændasamtaka Íslands og FEIF, Alþjóðasamtaka eigna íslenska hestsins. Í dag má nota WorldFeng á níu tungumálum og þegar keppnir eru haldnar í einu af 20 aðildarríkjum FEIF eru niðurstöðurnar skráðar jafnharðan í gagnagrunninum. Strangir staðir tryggja að samræmi sé í kynbótadömunum og hægt að bera saman hæfileika allra íslenskra hesta sama hvar þeir eru staðir í heiminum.

WorldFengur inniheldur núna upplýsingar um næstum 500.000 íslensk hross í 37 löndum og af þeim eru um 270.000 hross skráð á lífi. „Eitt af markmiðum WorldFengs-verkefnisins

## Strangari reglur um meðferð gagna

Ný Evrópureglugerð um verndun persónugagna hafði þau áhrif að WorldFengur þurfti að taka út upplýsingar sem áður voru aðgengilegar um eigendur hrossa. „Tilgangur laganna er á margan hátt góður en þau hafa reynt hafa þau áhrif að draga lítilsháttar úr notagildi WorldFengs. Réttilega voru margir óánægðir með það að við skyldum þurfa að loka fyrir þennan hluta gagnasafnsins enda oft gagnlegt að geta séð ítarlegar upplýsingar um eigendasögu hests, og auðveldara að hafa uppi á eiganandanum ef þessar upplýsingar eru fyrir hendi,“ segir Jón Baldur. „Þetta er samt þröskuldur sem hægt er að yfirstíga og sjaldan sem það kallar á mjög erfiða leit að finna eiganda áhugaverðs hross.“

var að geta reiknað út alþjóðlegt kynbótamat allra íslenskra hrossa en til þess þurfti að skrá alla heimsbyggðina, ef þannig mætti að orði komast, og það tókst allt saman á fyrsta áratug verkefnisins,“ segir Jón Baldur.

## Erfðaefni og upptökur

Upplýsingarnar í WorldFeng eru mjög greinargóðar og eru allir dómur vandlega skráðir, eiginleikar hestanna kortlagðir og hægt að sjá mynd af mörgum þeirra. Fyrir um það bil áratug tók WorldFengur að halda skrár um DNA-greiningu hrossa til að staðfesta ætterni og halda utan um upplýsingar um DMRT3-arferðir sem hefur áhrif á ganghæfni íslenskra hrossa. Í dag senda DNA-rannsóknarstofur í átta löndum inn gögn um DNA-greiningar í gagnagrunn WorldFengs, sem ber sjálfkrafa saman erfðamörk til að staðfesta ætterni földa. „Við höfumst svo handa við það fyrir tveimur árum, í samstarfi við Landssamband hestamannafélaga, að setja inn upptökur frá öllum landsmótum, með elstu myndskeldin frá 1954. Nú þegar eru komin inn rúmlega 8.000 myndbönd og búið að klippa efnid þannig til að notendur WorldFengs geta hratt og örugglega fundið myndskeldi með tilteknum hesti á kynbótasýningu.“

WorldFengur hefur reynt ræktendum ómetanlegt verkfæri og er hægt að nota hugbúnað kerfisins til að herma eftir þörun stóð-hesta og hryssa. „Valþörunarforritið var þró-

að af dr. Þorvaldi Árnasyni og byggist á vísindalegum aðferðum. Hefur reynslan sýnt að forritið segir fyrir um það með töluverðum áreiðanleika hvers konar eiginleika má vænta hjá foladinu sem verður til með þörun tveggja hrossa úr WorldFeng. Ekki bara það heldur spáir forritið því hvernig foladli verður á litin og varar líka við því ef hætta er á skyldleikaræktun,“ útskýrir Jón Baldur. „Vinna sem áður hefði kallað á mikla yfirlegu og flókna útreikninga tekur með WorldFeng aðeins tvær sekúndur.“


## Gagnsæi og öryggi

Forritið hjálpar einnig þeim sem eru að kaupa hross. „WorldFengur tryggir auknið gagnsæi og er gagnlegt hjálpartæki fyrir seljendur og kaupendur hesta. Gagnagrunnurinn er öruggasta skráningin sem völ er á þegar kemur að ætterni hvers hross og gefur góða vísindingu um hvers ætti að vera hægt að vænta af ungum hrossum sem skipta um eigendur.“

WorldFengur er skilgreindur sem upprunaættbók íslenska hestsins skv. reglugerð um ræktun og uppruna íslenska hestsins. Hvert aðildarland FEIF útfærir WorldFengs-skrásetjara sem ber ábyrgð á skráningum í sínu landi. Allar skráningar eru reki-anlegar og háðar aðgangstakmörkunum. Jón Baldur segir mikla hagsmuni í lífi og hafi hann m.a. af þeim sökum tekið þá ákvörðun að standa sjálfur fyrir utan hrossarekt-unarheiminn til að koma í veg fyrir minnsta grun um hagsmunaaðreksra í sínu starfi. „Í öll þessi ár hefur aðeins komið upp eitt tilvik þar sem rektunarlífið hefði hafði látit fjarlægja kynbótadóm fyrir hross í hans eigu, en allar slíkar breytingar eru reki-anlegar og því var hægt að bregðast hratt og örugglega við þegar málið var rannsakað.“

## Snjalltæki og gervigreind

Næstu skrefin fyrir WorldFeng munu snúa að því að gera gagnagrunninn betur aðgengilegan í gegnum snjalltæki. „Tvö snjalltækjaforrit eru líklega að koma í loftið fyrir þetta landsmót og opna hestamönnum handhæga gátt inn í þetta gagnasafn hvar sem þeir eru á ferðinni,“ segir Jón Baldur. „Við bindum líka miklar vonir við að geta í framtíðinni notað gervigreind til að gera WorldFeng að ennþá betra greiningartæki til rannsókna á eiginleikum íslenska hestsins til að ná fram framförum í stofninum, en í dag eru gögn úr WorldFeng mikið notuð í rannsóknarverkefnum m.a. í Landbúnaðarháskólunum í Uppsölum í Svíþjóð.“ ai@mbli.is



# Hátíð fyrir hesta og menn

Aðgangur að mótssvæðinu verður ókeypis fyrsta keppnisdaginn og vonandi fyllist Víðidalur af fólki sem mun hvetja yngstu knapana til dáða. Mikíð verður lagt í beinar sjónvarpsútsendingar frá síðustu tveimur dögum mótsins.

Ásgeir Ingvarsson  
ai@mbl.is

**P**órdís Anna Gylfadóttir hefur haft í nóg að snúast við að skipuleggja viðburð komandi viku. Þórdís Anna er mótstjóri Landsmóts hestamanna 2018 og verður á þeytingi um mótssvæðið enda þarf í mörg horn að líta.

Að þessu sinni munu landsmótsgestir verða varir við ýmsar breytingar, bæði stórar og smáar, en allar eru þær gerðar til að gera viðburðinn ánægjulegri fyrir hesta og menn. „Breytingarnar má sjá strax á fyrsta degi mótsins, 1. júlí, en þá fer fram keppni í barna- og unglingaflokkum og höfum við ókeypis inn á mótssvæðið. Þetta þýðir að bæði mamma og pabbi, systur og bræður, amma og afa, frændur, frænkur og vinir geta komið og fylgst með unga fólkinu án þess að greiða aðgangseyri og vonandi að fyrir víkíð verði áhorfendabrekkjan full af fólki sem hvetur næstu kynslóð knapa til dáða og fylgst með,“ segir Þórdís og lofar magnaðri sýningu, enda gefa börnin fullorðnu keppendum ekkert eftir.

Skipulagi mótsins hefur líka verið breytt til að gera dagskrána sem þægilegasta fyrir hestana. „Við höfum keppninni þannig að núna er heill dagur gefinn á milli keppnisatriða í hverjum flokki. Hestur sem kemur í forkeppni fær heilan dag til að hvíla sig áður en keppt er í milliriðli, og svo aftur a.m.k. dag til að hvílast fyrir úrslit,“ útskýrir Þórdís Anna og bendir á að það reyni bæði á hest og knapa að þurfa að keppa hvern daginn á fætur öðrum. „Við leggjum okkur líka fram við að taka tillit til heimsmeistararnámsins í knattspyrnu og munum sýna frá leikjum á risaskjá hér á landsmótinu.“

## Mótinu gerð góð skil í sjónvarpi

Stigið verður mikilvægt skref á þessu landsmóti til að auka sýnileika íslenskra hestaþróta og mun Ríkissjónvarpið sýna beint frá lokahelgi mótsins. „Ríkissjónvarpið hefur áður verið með beinar útsendingar frá

mótinu en umfangið hefur aldrei verið svona mikíð. Bein útsending verður frá mótinu á laugardagskvöldinu 7. júlí og allan sunnudaginn 8. júlí og einnig höfð sú nýbreytni á útsendingunni að vera með sérstakt landsmótssett, með svipuðu fyrirkomulagi og áhorfendur þekkja frá HM-stofunni þar sem sérfræðingar mæta og fjalla um keppnina,“ útskýrir Þórdís, en Hulda G. Geirsdóttir og Gísli Einarsson verða þáttastjórnendur.

Áhugasamir geta líka horft á allt landsmótið í beinu streymi yfir netið í gegnum Oz.com. „Eins og undanfarin ár verður hægt að fylgjast með mótinu í gegnum streymið og munum við einnig auka þjónstuna þó töluvert,“ segir Þórdís. Unnendur íslenska hestsins um allan heim geta keypt aðgang að streymisútsendingu af öllum viðburðum og fylgst með landsins bestu knöpum og hestum bæði í beinni útsendingu og á upptökum.

## Ómissandi hefðir

Prátt fyrir ýmsar nýjungar er dagskrá landsmótsins í meginráttum með svipuðu sniði og gestir eiga að venjast og vita-skuld verða skemmtilegum hefðum mótsins gerð góð skil. „Framan af vikunni er dagskráin til-tölulega létt en þegar liður á vikuna fer dagskráin að þéttast smám saman. Eftir að yfirliti stóðhesta lýkur á föstudegi fær-

um við mótið alfarið yfir á gæðingavöllinn og þá verða dagar-armir lengri yfir úrslitahelgina,“ segir Þórdís Anna. „Kappreiðar verða bæði á þriðjudag og föstudag, og margir sem vilja alls ekki missa af tölkeppninni en þar hefst forkeppni á fimmtudagskvöld og endar á A-úrslitum á laugardagskvöldi. Sjálf setningarathöfn landsmótsins fer síðan fram á fimmtudagskvöldinu og venju samkvæmt ríða þá fulltrúar hestamannafélaganna inn á völinn í falllegri hópreið, í félagsbúningum og með fána síns félags.“

Af öðrum hápunktum má nefna keppni í 100 m skeið og veitingu Sleipnisbikarsins á laugardagskvöldið. „Einnig er mjög gaman að



„Bein útsending verður frá mótinu á laugardagskvöldinu 7. júlí og allan sunnudaginn 8. júlí og einnig höfð sú nýbreytni á útsendingunni að vera með sérstakt landsmótssett, með svipuðu fyrirkomulagi og áhorfendur þekkja frá HM-stofunni,“ segir Þórdís Anna Gylfadóttir landsmótstjóri. Um 1.000 hross eru væntanleg á mótið.

## Margir leggja hönd á plóg

Í fyrsta sinn er það ekki Landsmót ehf., sem er í eigu Landssambands hestamannafélaga og Bændasamtaka Íslands, sem heldur mótið heldur er viðburðurinn allur í umsjón hestamannafélagsins Fáks sem hefur keypt réttinn til þess að halda Landsmótið 2018. „Það er við hæfi að við látum reyna á þetta nýja fyrirkomulag með elsta hestamannafélag landsins sem gestgjafa,“ segir Þórdís Anna.

Hún segir þetta fyrirkomulag hafa ýmsa kosti í för með sér en eðlilegt að það fylgi að upp komi ýmsar spurningar þegar tekið er upp breytt fyrirkomulag í mótahaldi á landsmóti. „En að hafa þennan háttinn á þýðir að Fákur hefur ákveðið frjálsræði með rekstur mótsins og nýtur góðs af því á ýmsa vegu að hýsa viðburðinn. Fákur getur líka nýtt sér þann mikla mannaúð sem býr í félaginu og í krafti stærðar sinnar haldið vel heppnað mót með liðsinni fjölda sjálf-bodaliða úr röðum Fákmanna sem og annarra hesatmannafélaga.“

fylgjast með kynbótahrossunum, en þar kemur fram rjóminn í íslenskri hrossarækt hverju sinni. Persónulega finnst mér skemmtilegast að fylgjast með yngstu graðhestunum,“ segir Þórdís.

A sunnudeginum 8. júlí fara fram A-úrslit í öllum flokkum gæðingakeppinnar og endað á úrslitum í A-flokki gæðinga.

## Mikil tilhlökkun

Þórdís Anna segir undirbúning mótsins lofa góðu, í hestamannafélaginu Fáki sé mikill mannaúður

og félagsmenn tilbúnir til að leggja sitt af mörkum til að halda glæsilegt landsmót.

„Metfjöldi hrossa á keppnisrétt í gæðingakeppni landsmótsins í ár, nánar tiltekið 132 hross í fullorðinsflokkum og 126 hross í yngri flokkum. Keppnisrétturinn verður þó ekki alveg fullnýttur hjá öllum félögum,“ segir hún en keppnisrétturinn er reiknaður út frá fjölda félaga í Landssambandi hestamannafélaga. „Greinilegt er að það er fjölgun félaga á milli landsmóta. Búast má við um 500 hrossum til þátt-

töku í gæðingakeppninni. Svo bætast við hross í töltil og skeiðgreinum, kynbótasýningum og afkvæmasýningum. Í heildina má því búast við að ríflega 1.000 hross komi fram á landsmótinu.“

Er óhætt að segja að Þórdís Anna hlakki til landsmótsins, en sjálf hefur hún verið víðriðin hestamennsku frá barnsaldrí og man vel eftir sínu fyrsta landsmóti, á Helli árið 1994, þá aðeins þrettán ára gömul. Síðan þá hefur hún m.a. menntað sig í reiðmennsku og reiðkennslu og nánast alla sína starfsævi unnið störf tengd íslenska hestinum. Hún tekur núna í fjórða sinn þátt í að gera landsmót að veruleika. „Þetta er gríðarlega mikil vinna en jafnframt hrikalega skemmtilegt. Að mörgu er að huga enda er landsmót einn stærsti íþróttaviðburður sem haldinn er utandyra hér á landi en mótið sýnir líka hvað hestamenn geta verið öflugir þegar þeir leggja á eitt,“ segir Þórdís Anna. „Við leggjum okkur fram við að hafa mótssvæðið eins gott og hægt er því við vitum að það er mikíð í húfi fyrir keppendur og eigendur hrossanna. Að baki hverri sýningu í braut leggur einn mikill tími og vinna. Tilhlökkunin er gífurleg og ég á von á veislu fyrir unnenndur íslenska hestsins.“




# Auðveldda skráningu dýra

Hugbúnaðarfrirtækio Anitar þróar sérhæfðar lausnir fyrir landbúnaðinn. Örmerkjalesarinn Anitar Bullet fer í framleiðslu í sumar og hyggst frirtækio sækja á erlenda markaði í kjölfarið.

Mat spennandi er á döfinni hjá hugbúnaðarfrirtækinu Anitar en fyrir síðustu helgi gaf það úr smáforritið LH Kappa í samstarfi við Landsamband hestamanna. „Þetta er viðburðaapp fyrir öll aðildarfélög Landssambandsins og geta notendur þess fylgst með öllum mótum í rauntíma, bæði séð ráslista og niðurstöður. Við settum þetta í gang fyrir Landsmótið sem stendur yfir og fór notkun þess langt fram úr okkar björtustu vonum,“ segir Karl Már Lárusson, stofnandi Anitar. „Þetta er því stórgóð þróun á appið sem byggt er á kerfinu Sportfeng og er í eigu Landssambandsins.“

Anitar er hugbúnaðar- og tæknifrirtækio sem þróar sérhæfðar lausnir fyrir landbúnaðinn og hefur undanfarin ár sett fókusið á íslenska hestinn. Stefnir er aftur á móti að því að færa úr kvíamnar og hanna einnig fitarlegri bústjórnunarkerfi. „Síðustu þrjú ár hafa farið í að þróa örmerkjalesarinn Anitar Bullet sem er að fara í framleiðslu í sumar. Við förum í forsoðu með Anitar Bullet haustið 2017 og söfnuðun einhverjum 40 þúsund dollurum. Hann verður svo afhentur kaupendum í haust.“ Anitar Bullet er lengdur beint við síma og snjál-símaapp og veitir upplýsingar um dýrið á einfalldan og fljótvirkan hátt. Samhlíða framleiðslu á Anitar Bullet hyggst frirtækio setja í gang nýja þjónustu sem nefnist Regis



Karl Már Lárusson, stofnandi Anitar. MW/ND/P-ORSTENNI

“Síðustu þrjú ár hafa farið í að þróa örmerkjalesarinn Anitar Bullet sem fer í framleiðslu í sumar.

Horse og standa prófani á kerfinu yfir um þessar mundir. Regis Horse má nota samhlíða Anitar Bullet og einfalldar það nýskráningu og önnur erkingu á hrossum.

Í lok árs 2015 hlaut Anitar verkefnastyrk frá Tæknipróunarsjóði RANNIS og tryggði hann þróun og starsemi frirtækisins. Karl Már segir að styrkurinn hafi verið ómetanlegur fyrir Anitar enda hafi hann meðal annars nýst til að kynna vörur frirtækisins á erlendri grundu.

Anitar Bullet hefur fengið mjög góðar viðtökur þar sem varan hefur verið kynnt og segir Karl Már að lesarinn muni einfalda vinnu dýralækna, hrossaeygenda og í raun allra sem vinna með dýr. Þá hefur mikið áhugi verið erlendis og næsta skref hjá Anitar er að finna fjárfesta til að vinna með að útrás frirtækisins.

Karl Már segir að áhugasamir fjárfestar geti sett sig í samband við frirtækio til þess að fá frekari upplýsingar um frirtækio og fram-tíðaráætlanir þess.

Nánari upplýsingar má finna á anitar.is.



Bændablaðið, 05.07.2018, síðu 19  
grein stærð: 83.24 sm<sup>2</sup>  
grein hæð: 8.05 sm

# Norðmenn ríða á vaðið

– kaupa aðgang að LM myndbandaaðgangi

Norska Íslandshestafélagið hefur keypt aðgang fyrst félaga að LM myndbandaaðgangi fyrir alla sína félaga samkvæmt samningi við Bændasamtök Íslands og Landssamband hestamannafélaga.

Allir virkir áskrifendur í WF í norska félaginu, eða um 1.000 talsins, eru því komnir með aðgang að þessu magnaða myndefni



frá öllum landsmótum frá 1954. Öðrum aðildarfélagum FEIF býðst að gera sambærilegan samning fyrir félaga sína. Nánari upplýsingar veita Lárus Ástmar Hannesson, formaður LH, (netfang: larusha@simnet.is) og Jón Baldur Lorange, verkefnisstjóri WF verkefnisins (lorange@worldfengur.com).



Frá Landsmóti hestamanna á Hólum 2018 en þar er athafnasvæði hestafræðideildar háskólans, bæði hesthús, reiðhallir og reiðvöllur. Áframhaldandi uppbygging er bryn til þess að hægt sé að hleypa fleiri nemendum að náminu. Myndir / ghp

Mikil eftirspurn eftir fagmönnum í reiðmennsku og reiðkennslu:

# Færri komast að en vilja

- Vill stækka nám við hestafræði í Hólaskóla um helming

Aukinn þjónustubörf í íslenskrum hestamennsku um heim allan kallar á afkastameiri háskóla í reiðmennsku að mati Lárusar Ástmars Hannessonar, formanns Landssambands hestamannafélaga. Hann telur brýnt að gera áætlun um stækkun hestafræðideildar Hólaskóla um helming.

„Reiðmennskunni hefur fleygt fram, hún er orðin nákvæmari og lærdari. Með tilkomu reiðhalla er einnig orðið mikið meira um reiðkennslu. Hestamönnum finnst gaman að læra meira og þjónustubörfin fyrir kennslu því orðin mikil. Við þurfum menntaða og góða kennara til að mæta þessari þörf,“ segir Lárus Ástmar og bendir á að vöntunin á lærðum fagmönnum í hestamennsku sé ekki eingöngu hérlendis.

Íslenskum hestum fjölgi stöðugt víða um heim og eigendur íslenskra hrossa erlendis þurfi faglega handleiðslu reiðkennara við þjálfun og umönnun. „Ég held að hestafræðideildin þyrfti að taka inn 30–40 nýnema á hverju til að mæta þjónustubörfinni.“

## Fjármagnsskortur hindrar stækkun

Sveinn Ragnarsson, deildarstjóri hestafræðideildar við Háskólann á Hólum, tekur í sama streng. „Þörfin á vel menntuðum fagmönnum hefur aukist og mun aukast enn meira.“

Mikil umfram eftirspurn sé um að komast í reiðmennsku- og reiðkennaranám. „Á hverju ári



Lárus Á. Hannesson formaður LH með hest sinn Hergil frá Þjóðólshaga 1.

þurfum við að vísa frá helmingi umsækjenda sem þó hafa færni og eiga erindi í skólann. En til þess að geta stækkað skólann þarf áframhaldandi uppbyggingu og aukið fjármagn frá ríkisvaldinu.“

Um 20–24 nýnemar eru teknir inn í nám við hestafræði við Hólaskóla ár hvert. Námið er þriggja ára langt en Sveinn segir að um 16–18 reiðkennarar útskrifast ár hvert með BS-próf.


„Námið er krefjandi sem reynir á margt. Til þess að standast það þarf mikla reiðfærni, nemandinn þarf að geta kennt bæði ungum sem eldri knöpum og auk þess tileinkað sér vísindaleg vinnubrögð.“ Við það má svo bæta að nemendurnir, þar á meðal þeir 30–40% erlendra nemenda sem stunda nám við hestafræði, þurfa að geta tjáð sig bæði í ræðu og riti á íslensku.

## Mastersnám í burðarlíðnum

Sveinn segir að innan Hólaskóla sé verið að vinna að því að koma á fót mastersnámi í reiðmennsku og reiðkennslu.

„Ástæðan fyrir aðsókninni í skólann eru gæði námsins. Það sýnir sig best í útskrifuðum nemendum okkar og góðu orðspori. Við teljum að menn þurfi að hafa ákveðna þekkingu til að geta sinnt þessum störfum og hér fer fram mikil þjálfun í færni.“

Við erum ekki tilbúin til að slá af gæðum til þess að taka fleiri inn. Þess vegna þurfum við á áframhaldandi uppbyggingu að halda og til þess þarf fjármagn. Við erum að reyna að efla og stækka námið, t.d. með því að fara af stað með meistaranám, en fjármagnsskortur hefur hamlað gegn því.“ /ghp



# Konur í landbúnaði

**Staða kvenna innan landbúnaðar hefur lengi verið til umræðu og ekki að ástæðulausu. Sýnileiki kvenna innan greinarinnar er ekki til jafns við karla.**

Sú birtingarmynd sem konur hafa er oftar en ekki hulin og ósýnileg hvort sem það er á bæjunum eða innan félagskerfis bænda. Þannig eru konur síður skráðar fyrir rekstri búa eða því sem við kemur rekstrinum. Á mörgum búum, sér í lagi á sauðfjárbúum, starfar annar aðilinn utan búans og þá er yfirleitt um konuna að ræða. Undanfarin ár hefur náðst árangur í því að jafna laun karla og kvenna en það segir ekki alla söguna. Birtingarmynd kvenna er ekki sú sama og birtingarmynd karla, m.a. í því að aðeins annar aðili í hjónabandi sé skráður fyrir búrekstri. Víða flytjast konur á sveitabæi þar sem karlinn á rætur og hefur sögu. Þannig er yfirleitt leitað til karlsins um upplýsingar um jörðina og þegar fjallað er um málefni bújarðarinnar. Uppruni og aðkoma konunnar að búrekstrinum lætur þar oft í minni pokann.

Samkvæmt tölum Hagstofunnar hefur þeim sem starfa við landbúnað fækkað gríðarlega frá árinu 1991. Þá voru starfandi um 7.500 manns við landbúnað í aðal- og aukastarfi, þar af 4.800 karlar og 2.600 konur, en árið 2017 störfuðu 3.700 manns við greinina, 2.200 karlar en 1.400 konur. Þrátt fyrir þessa miklu fækkun er hlutfall karla og kvenna nokkuð svipað, þó hefur hlutfall kvenna heldur hækkað.

## Launajafnrétti segir ekki alla söguna


Í helstu stjórnnum félagskerfisins hallar gríðarlega á hlutfall kvenna. Þannig eru í stjórn Bændasamtaka Íslands fjórir karlar og ein kona. Í varastjórn eru konur hins vegar í meirihluta. Í stjórn LK sitja sömuleiðis fjórir karlar og ein kona. Framkvæmdastjóri samtakanna er kona og annar varamanna í stjórn er kona. Í fagráði í nautgripærækt situr ein kona og fjórir karlar. Í stjórn Landssamtaka sauðfjárbænda sitja tvær konur og þrjú karlar, en formaður samtakanna er kona. Í varastjórn er engin kona og í fagráði sitja fjórir karlar og ein kona. Í stjórn Landssambands hestamannafélaga eiga sæti fjórir karlar og þrjú konur. Í varastjórn situr ein kona og fjórir karlar. Hægt væri að halda áfram með þessa upptalningu, víðast hvar er staðan sú sama, konur eru í minnihluta.

Í skýrslu Byggdastofnunar frá árinu 2015 um eignarhald kvenna í landbúnaði segir að í sveitarstjórnarkosningum árið 2014 hafi kjörnir fulltrúar verið 504. Þar af hafi verið 222 konur og 282 karlar. Af þeim fulltrúum báru 23 konur og 61 karl starfsheitið bóndi og/ eða



**Konur hafa í gegnum tíðina gjarnan haft það hlutverk að sinna mjóltum og því sem við kemur umhvirðu á kúm. Karlarnir hafa frekar séð um gjafir og vélastörf.**

Mynd / Sýningin Konur í landbúnaði í 100 ár



**Þessi mynd sýnir verkaskiptingu milli kynja innan búa.**

Mynd / Hjördis Sigursteinsdóttir og Guðbjörg Linda Rafnsdóttir.

starfsheiti sem tengjast landbúnaði svo sem ráðunautur, skógræðingur, dýralæknir o.s.frv. Ekki liggja fyrir tölur í kjölfar kosninganna nú í vor, en niðurstöður þessarar skýrslu gefa samt sem áður góða mynd af stöðu kvenna innan stéttarinnar.

## Tvöfalt fleiri konur en karlar

Konur sækja í mun ríkari mæli í nám tengt landbúnaði en karlar. Skv. tölum frá LbhÍ eru skráðir nemendur við skólann 390 talsins. Af þeim eru 129 karlar (þar af 40 í BS/MS/PhD námi) og konurnar eru 261 (þar af 113 í BS/MS eða PhD námi). Konurnar eru tvöfalt fleiri en karlarnir. Hins vegar skila hlutfallslega færri konur sér til starfa innan landbúnaðarinnar en karlar. Þannig er meðalaldur kvenna innan landbúnaðar að hækka talsvert á milli ára en aldur karla heldur að lækka. Þannig má leiða líkur að því að ungr karlar séu frekar að taka við búskap, ýmist frá foreldrum eða sem nýliðar.

## Ýmsum verkefnum verið ýtt úr hlaði

Í tímans rás hefur ýmsum verkefnum verið ýtt úr vör til að efla hlut kvenna innan landbúnaðar, s.s. Fósturlandsins freyjur, Lifandi landbúnaður og Byggjum brýr. Í úttekt sem Landssamtök


sauðfjárbænda létu vinna árið 2016 um stöðu kvenna innan sauðfjárræktarinnar kemur fram að verkaskipting innan búans sé mjög ójöfn, þ.e.a.s. vinnuframlag inni á heimili fellur yfirleitt í skaut konunnar meðan að karlinn vinnur bústörf utan heimilis. Konur finna lítið svigrúm til að vinna utan veggja heimilisins, því þær finni til ábyrgðar að sjá um matar- og kaffítíma. Sömu sögu er að segja í grein Hjördisar Sigursteinsdóttur og Guðbjargar Lindu Rafnsdóttur frá árinu 2009.

## Hvenær ætlarðu svo að ná þér í bónda?

Konur sem starfa í landbúnaði án þess að vera giftar eru oft spurðar að því hvenær þær ætli nú að ná sér í bónda, en sú spurning er mun síður borin upp við einstæða karla sem stunda búskap. Starfsheitið bóndi þykir yfirleitt benda til karlmanns og konur eru oft nefndar bóndakonur, þeim til mikillar gremju oft og tíðum. Sennilega er skýringin fölgín í því að t.d. er talað um bóndadag, sem á sér hliðstæðu í konudegi, þar sem gera á vel við maka sinn með ýmsum hætti. Bóndadagurinn hefur mjög litla vísun í starfandi bændur nú til dags, heldur aðeins til karla. Starfstíllinn ætti því að vísa jafnt til kvenna og karla.

/BR





Endurbætur gerðar hjá MAST á skráningarkerfi hrossa á Íslandi:

# Vonast til að fá nákvæmari tölur um fjölda hrossa á landinu í haust

— Ætti ekki að valda kostnaðarauka hjá hestaeigendum nema þeir trassi að skila haustskýrslum

Nýtt endurbætt fyrirkomulag á skráningu hrossa í landinu verður tekið upp hjá Matvælastofnum í haust til að freista þess að ná betur saman tölum um heildarfjölda hrossa.

Skráning á fjölda hrossa á Íslandi hefur talsvert verið gagnrýnd á undanförunum árum eftir að lögum um búfjárhald var breytt árið 2013. Aðallega hefur verið gagnrýnt ónákvæmni í tölum um hrossaeign í þéttbýli. Í sumar var greint frá því í Bændablaðinu að samkvæmt tölum Búnaðarstofnu MAST voru hross landsmanna 2017 sögð vera 64.678. Þessar tölur voru þó að margra mati ekki réttar og talið að þar gæti verið um vanmat að ræða sem næmi á bilinu 4.000 til 8.000 hrossum. Stafar það af skorti á talnaupplýsingum frá hestaeigendum sjálfum, einkum af höfuðborgarsvæðinu.


Greint var frá því að Matvælastofnun leitaði leiða til að bæta hið opinbera skráningarkerfi, en Matvælastofnun annast hagtlöslusöfnun í landbúnaði.

Tölur um hrossaeign á höfuðborgarsvæðinu er fyrst að finna í gögnum Hagstofu frá 1998. Þá voru hross á höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum samtals talin vera 7.772. Yfirleitt hafa hross á þessu svæði síðan verið á bilinu 8 til 9 þúsund en voru flest 2003, eða 11.969. Þau voru í fyrra einungis sögð vera 3.408.

## Samtenging milli WorldFengs og Bústofns á að gjörbreyta stöðunni

Bændablaðið hafði samband við Jón Baldur Lorange, framkvæmdastjóra Búnaðarstofnu Matvælastofnunar og verkefnisstjóra WorldFengs. Jón Baldur segir að lengi hafi staðið til að koma á samtengingu milli WorldFengs, upprunaættbókar íslenska hestsins og hjarðbókar um hross, og Bústofns, sem heldur utan um hagtlöslusöfnun og búfjárférlit. Tilgangurinn er að tryggja samræmingu og samtengingu gagnagrunna og þar með auðvelda eigendum hrossa haustskýrsluskil og treysta hagtlöslusöfnun.

Forsenda þess að hægt er að fara þessa leið er að allir umráðamenn hrossa í WorldFengs þurfa að skrá búsnúmer fyrir öll hross í WorldFeng. Búsnúmer eru



Jón Baldur Lorange, framkvæmdastjóri Búnaðarstofnu Matvælastofnunar og verkefnisstjóri WorldFengs. Mynd / HKr.

byggð upp á landnúmeri jarða samkvæmt skráningu í þjóðskrá, og því varð að búa til sérstök búsnúmer fyrir þéttbýlisstaði, t.d. hesthúsabyggðir þéttbýlisbúa. Þessi samræmingarvinna hefur verið unnin í samráði við tölvudeild Bændasamtaka Íslands, en WorldFengur er vistaður hjá samtökunum.

Fjöldinn allur af nýjum búsnúmerum hafa nú verið skráð í báða gagnagrunna og þurfa allir umráðamenn hrossa í þéttbýli að velja staðsetningu (búsnúmer) hrossa sinna í WorldFeng. WorldFengur óskar eftir þessum upplýsingum á næstu dögum og vikum. Þegar opnað verður fyrir skráningu haustskýrslna

í Bústofni 16. október nk. verður búið að koma þessari samtengingu kerfa í gagn, og ekkert verður þá því til fyrirstöðu fyrir eigendur hrossa í þéttbýli að ganga frá haustskýrsluskilum í WorldFeng.

„Það þýðir að umráðamenn hrossa geta gengið frá skilum á haustskýrslu í WorldFeng, svo fremi sem þeir séu ekki eigendur annars búfjár eða þurfi að ganga frá skráningu á forða,“ segir Jón Baldur.

„WorldFengur sendir þá upplýsingar um hrossaeign beint til Bústofns. Með þessu móti er verið að koma til móts við þéttbýlisbúa og stórbæta skráningu á hrossaeign í þéttbýli. Jafnframt verður með þessu tryggt að ekki sé verið að telja sömu

hrossin fram í haustskýrslum, t.d. ef fleiri en einn eigandi er að hrossi eða hross þéttbýlisbúa eru í hagamöng. Vegna þess að þessi tvö kerfi „tala saman“ og byggja skráningu á einstaklingsnúmerum hrossanna, þá bætir þetta þessa upplýsingaöflun til muna.“

Vakin er athygli á að öllum búfjáreigendum, einnig eigendum hrossa í þéttbýli, ber að skila haustskýrslu til Matvælastofnunar eigi síðar en 20. nóvember ár hvert.

## Veldur ekki kostnaði nema menn trassi að skila haustskýrslu

– Er eitthvað í þessu ferli sem getur leitt til þess að menn veigri sér við að skrá sín hross, bæði við fæðingu og eins út af skrá þegar hross eru felld? Er mikill kostnaður því samfara að hafa skráninguna í lagi?

„Nei, í mínum huga ætti það ekki að vera. Það eru allir félagar í Landssambandi hestamannafélaga með frian aðgang að WorldFeng og því ætti það ekki að vera hindrun. Sömuleiðis er aðgangur að Bústofni án endurgjalds og þar byggist skráning á rafrænu auðkenni í gegnum Ísland.is.

Það er full ástæða til að vekja athygli á reglum sem stjórnvöld hafa sett um að allir búfjáreigendur bera ábyrgð á að skrá allt búfé, þ.m.t. hross, í svokallaðar hjarðbækur sem stjórnvöld hafa byggt upp. WorldFengur er hjarðbók hrossa á Íslandi, og ber öllum eigendum hrossa að skrá þar inn burðar- og


folaldskráningu, ásamt því að skylda er að einstaklingsmerkja öll föld innan 10 mánaða frá fæðingu með örmerkingu til að sanna eignarhald. Þá ber að skrá inn afdrif, og kaup og sölu hrossa, í hjarðbók.

Upplýsingar um öll hross sem fara í slátrahús berast frá slátruhúsum með rafrænum hætti inn í hjarðbókina. Hins vegar gæti fallið óþarfa kostnaður á eigendum hrossa ef þeir láta undir höfuð leggja að skila haustskýrslu því þá ber Matvælastofnun að fara í heimsókn á kostnað búfjáreganda.“

## Vonast til að tölfraeðin batni

– Hvaða vonir gerir þú þér um árangur við þær breytingar sem verið er að innleiða, má ætla að þar skili sér þær þúsundir hrossa sem nú eru talin vera utan kerfisins?

„Það er rétt að taka fram í upphafi að við hjá Matvælastofnun teljum að skráning á fjölda hrossa hafi verið að ferast í betra horf á síðustu 2–3 árum. Það er staðreynd að töluverð fækkun hefur orðið í hrossastofnum á síðustu 10 árum eða svo, m.a. út af fækkun í fjölda fæddra folalda á ári, og er það þróun sem við sjáum einnig í öðrum Evrópuríkjum. Engu að síður þarf að bæta þessa skráningu í þéttbýli og það er það sem við vonumst til að gera með þessari samtengingu og samræmingu þessara tveggja opinberu gagnagrunna; Bústofns og WorldFengs,“ segir Jón Baldur Lorange. /HKr.



# Allir fúsir til að leggja sitt af mörkum

*Tungnamenn hafa í áratugi lagt kostnað og ómælda vinnu í að skapa góða aðstöðu á afrétti sínum og við uppgræðslu. Þeir vilja ekki að ríkið taki yfir sjálfbodavinnu-verkefni þeirra.*

Kristín Heiða Kristinsdóttir  
khk@mbli.is

**Þ**etta er risaverkefni sem við erum virkilega montin af, því það er allt unnið í sjálfbodavinnu. Hönnun skilta, textagerð, þýðing, öll keyrsla og uppsetning skilta, en langmest var handmokað, til að gera sem minnst jarðrask. Enginn tók krónu fyrir vinnu sína, en þannig er stemningin hér í sveitinni gagnvart hálendinu, alveg sama hvað stendur til, hvort sem þarf að byggja gistiúts, hesthús, salerni eða göngubrú," segir Guðrún Magnúsdóttir, bóndi í Bræðratungu í Biskupstungnaafrétti í sumar.

„Þetta á upphaf sitt í því að við Loftur Jónasson frændi mín, sem hefur verið skálavörður árum saman á afréttinum og gjörþekkir allar aðstæður þar innfrá, við förum í að skoða ástand reioleidda vegna vinnu við nýtt aðalskipulag Bláskógabyggðar og komumst að því að sums staðar þurfti að breyta reioleiddum. Eðlilega gerði Landsamband hestamanna atugasemnd við sumar af tillögum okkar því þeir höfðu áhyggjur af því að við værum að loka sumum reioleiddum. En við hittumst á fundi og allir voru að lokum sammála um hvernig þetta ætti að vera, það þyrfti að koma betri upplýsingum til fólks og merkja reioleidir betur svo fólk átti sig á hvernig best er að ferðast þarna um.“

Guðrún segir að Landsamband hestamanna hafi kostað framleiðslu skiltanna, tæpar 2 milljónir, en það var eini útlagði kostnaðurinn, því öll önnur vinna var unnin af heimamönnum og Ferða- og samgöngunefnd LH í sjálfbodavinnu. „Fjögur stór upplýsingaskilti voru sett upp í Árbúðum, við Fremstaver, í Svartábotnum og inn í Sóleyjard. Á þeim skiltum eru kort og texti um staðinn, upplýsingar og öryggisatriði. Öðrum megin á íslensku en hinum megin á ensku, svo þetta nýtist öllum vel sem fara um hálendið. Auk þess voru gerðir fimmtán vegprestar, mínni skilti með 42 vegvísnum samtals. Sá sem er sýst er við Gullfoss en svo rekja prestarnir sig



Hestakona Guðrún Magnúsdóttir fjallkóngur á gróðum degi með reiofsjóta sínum.



Uppsetning Fyrir langflestum skiltunum var handmokað og tók það sinn tíma. Hér eru bræðurnir Ólafur og Egill Jónassynir, frændur Guðrúnar, að grafa fyrir einu af mörgum skiltum og harla ánægðir þegar upp var komið.



upp allan afrétt alveg inn að Hveravöllum. Þetta er reioveganaet, einkonar stíkur eða vörður sem vísa í ýmsar áttir. Aðalsníllindin er að á hverjum staur er númer sem eru tengd neyðarlínum í gegnum Landsamband hestamanna. Hver einasti staur er því hnitsettur í kortasjá LH og þannig beintengdur við neyðarlínum. Ef fólk villist, slasast eða eitthvað kemur fyrir, hvort sem viðkomandi er gangandi, ríðandi, hjólandi eða keyrandi, er hægt að staðsetja það í gegnum þetta númer.“

## Mörg hundruð heyrúllur á ári

Guðrún er fædd og uppalin á Kjóstöðum í mikilli nálægð við hálendið og lætur sig það miklu varða og hefur sjálf unnið heimlíkið við uppbyggingu þar og uppgræðslu. „Landgræðslufélag Biskups-

tungna var formlega stofnað fyrir 24 árum en samstarfið við Landgræðslu ríkisins hefur staðið allt frá því árið 1970, og verið afar farsælt. Bændur og aðrir hér búsettir hafa í þessa áratugi lagt gróðarlega mikið af mörkum, til dæmis farið með mörg hundruð heyrúllur innestíra á hverju ári og tætt þær niður í sárin á rofabörðum til að loka þeim, eða dreift þeim yfir auðnir. Í þetta fer mikill tími og vinna, en þetta er aldrei kvæð, fólk gerir þetta með ánægju. Þó fyrirhöfn sé og kostnaður. Sama er að segja um girðingarvinnu og áburðarðreifingu, allt vinnur fólk að mestu leyti í sjálfbodavinnu, fúslega. Áhuginn fyrir hálendinu er gróðarlegur í sveitarfélögum, enda er þetta sameining fyrir okkur sem hér búum og hluti af sjálfsmynd fólks. Við erum stolt af hálendinu okkar og förum gjarnan þangað með

gesti til að sýna þeim fegurðina sem þar ríkir. Hálendið hefur búið til dýrmæta menningu í sveitunum, fjallferðir, smalamennsku, réttir, sagnir, kvæði og ljóð.“

## Vilja skattgreiðendur borga?

Guðrún segir að ef aforn um miðhálendisþjóðgarð og þjóðgarðastofnun verði að veruleika muni allt skipulags- og framkvæmdavald flýttast úr höndum heimamanna. „Við heimamenn munum þá ekki hafa neitt um það segja hvað verður gert þarna innfrá, og þá mun ríkið væntanlega taka yfir öll þessi verkefni sem við höfum verið að vinna í þessa áratugi. Þá er nú eins gott að landsmenn átti sig á því að þá leggst allur slíkur kostnaður á skattgreiðendur. Við eigum erfitt með að skilja hvers vegna ríkið vill taka af okkur

þessi verkefni sem við vinnum svo mörg í sjálfbodavinnu. Hvað heldur fólk að til dæmis þessi skiltavinna hefði kostað í höndum ríkisins? Eru landsmenn tilbúnir til að borga fyrir það dýrum dónum?“ segir Guðrún og bætir við að reistar hafi verið gestastofur í tengslum við Vatnajökulsþjóðgarð, en þær hafi farið tugir milljóna framúr ætluðum byggingarkostnaði. „Við viljum ekki skipta á hálendinu okkar fyrir gestastofur. Það var litill gestastofa við Gullfoss, Sigríðarstofa, sem ríkið rak, en henni var lokað af því ríkið treysti sér ekki til að reka hana.“

## Mun bitna á ferðafólki

Nýlega var haldinn fundur í Árnési í Gnúpverjahreppi með heimamönnum og þverpólitískri nefnd um stofnun miðhálendisþjóðgarðs.

„Þar var húsfyllir og mikil andstaða kom þar skýrt fram, afgerandi afstaða heimamanna. Eg spurði hvort sveitarfélögin fengu einhverju um það ráðið hvort þau færu inn í þessa framkvæmd þjóðgarðs, hvort alfarið yrði tekið af okkur þetta vald eða hvort við gætum sagt nei. Eg spurði hvort yrði tekið mark á okkur, skoðuð sveitarfélögin. Eg fékk þau svör frá Steingrími J. Sigfússyni að auðvitað fengjum við að ráða þessu. En ég er ekki viss um að ráða hvernig þjóðgarðurinn yrði flokkaður, þá svaraði hann: „Þið munuð gera það,“ en bætti svo við: „Til að byrja með.“ Við getum ekki treyst slíkum svörum,“ segir Guðrún og bætir við að hún hafi heyrt í fólki í sveitunum í kring og líka fyrir norðan, og það séu allir á móti þjóðgarðshugmyndinni, eins og þetta er sett upp núna. „Þetta mun bitna á þeim sem ferðast um hálendið, því það verður hnignun, það er klárt mál, á allri aðstöðu og þjónustu. Við viljum fá að halda áfram að vinna í sátt við ferðapjónustuaðila, útivistarsamtök, landgræðsluna og fleiri við að halda þessu svæði og þjónustunni þar eins góðri og hún er. Við viljum hafa eitthvað um það að segja hvernig við byggjum okkar naersamfélag,“ segir Guðrún og bætir við að hún hafi kynnt sér Vatnajökulsþjóðgarð og komið hafi fram að þar sé víða pottur brottinn í rekstri og innviðauppgyggingu. „Það virðist ekki vera til fjármagn til alls sem þarf að gera í þeim þjóðgarði. Okkur heimamönnum hefur tekið að reisa með litlum tilkostnaði þrjá veglega fjallaskála og hesthús á okkar afrétti, í Árbúðum, Fremstaveri og Gíslaskála, sem öll eru með vatnssalernum. Miklið við er unnið í sjálfbodavinnu og einstaklingar gáfu að hluta efniskostnaðinn. Öllu því fólki sem fer um afréttinn stendur til bóða að nýta þessa góðu aðstöðu og þjónustu.“

## Tveir heimamenn gáfu alla vinnu sína við verkið

## Ný göngubrú yfir Svartá við Árbúðir

Í sumar var formlega tekin í notkun ný göngubrú yfir Svartá við Árbúðir á Biskupstungnaafrétti. Brúin mun auðveldla gangandi og hjólandi ferðamönnum að komast yfir ána þegar farið er á milli Árbúða og Hvítárness. Tilkoma brúarinnar er liður í að vernda viðkvæma náttúru hálendisins og ekki síður liður í þeirri hugsun heimamanna, að styra umferð ferðafólks um ákveðnar leiðir svo ekki verði óþarfa álag á viðkvæman gróður á svæðinu.

Í ávarpi Helga Kjartanssonar, oddvita Bláskógabyggðar, kom fram að brúin er algjörflega unnin að frumkvæði tveggja heimamanna sem láta sér ant um verndun hálendisins. Þeir gáfu alla vinnu sína við verkið en Ferðafélag Íslands veitti styrk



Nýja brúin vígð Guðmundur Ingólfsson, Helgi Kjartansson og Loftur Jónasson.

fyrir hluta af efniskaupum. Brúna hannaði og smíaði Guðmundur Ingólfsson, vélvirkjameistari á löu, en uppstaða hennar er úr gömlum byggingakrana og undir henni eru oxlar með hjólum.

Loftur Jónasson í Myrkholti og rekstraráðili í Árbúðum sá um að smíða timburgólf brúarinnar. Þeir félagar hjálpuðust síðan að við að

koma henni fyrir í ánni, en ekkert rask varð við uppsetningu brúarinnar. Lengd brúarinnar eru 17 metrar en auk þess eru 2 metra landbrýr á hvorum enda. Brúin er á hjólum og verður hún dregin á þurr land á hverju hausti, því ánn bólgna svo upp af krappu og ís á veturna að yfirborð hennar getur hækkað um marga metra.



Bændablaðið, 18.10.2018, síðu 18  
grein stærð: 254.05 sm<sup>2</sup>  
grein hæð: 16.77 sm



Stjórn Landssambands hestamannafélaga 2018–2020.

Mynd/LH hestar

Landsþing Landssambands hestamannafélaga á Akureyri:

# Lárus endurkjörinn

**Lárus Ástmar Hannesson var endurkjörinn formaður Landssambands hestamannafélaga (LH) á landsþingi þess sem fór fram í Giljaskóla á Akureyri dagana 12. og 13. október.**

Lárus bauð sig fram til endurkjörs en hann var kjörinn formaður árið 2014. Fyrrum varaformaður sambandsins, Jóna Dís Bragadóttir, bauð sig einnig fram til formanns.

Ný stjórn Landssambandsins til

næstu tveggja ára var kosin en hana skipa Ólafur Þórisson, Oddrún Ýr Sigurðardóttir, Stefán Logi Haraldsson, Sóley Margeirsdóttir og Jean Eggert Hjartarson Classen. Varastjórn var skipuð Lilju Björk Reynisdóttur, Þórdísi Arnardóttur, Rósu Birnu Þorvaldsdóttur, Sigurðði Péturssyni og Ómari Inga Ómarssyni.

Níu einstaklingar hlutu gullmerki LH, heiðursmerki sambandsins, fyrir ötulst starf á

sviði félagsmála hestamanna. Gullmerkin hlutu Ármann Gunnarsson, Ármann Magnússon, Áslaug Kristjánsdóttir, Björn Jóhann Jónsson, Hólmgeir Valdemarsson, Jónas Vigfússon, Ragnar Ingólfsson, Sigfús Ólafur Helgason og Þorsteinn Hólm Stefánsson.

Þá hlaut hestamannafélagið Hringur á Dalvík æskulýðsbikar LH fyrir framúrskarandi starf í æskulýðsmálum.




Bændablaðið, 01.11.2018, síðu 54  
grein stærð: 249.15 sm<sup>2</sup>  
grein hæð: 12.18 sm



Árni Björn Pálsson var kjörinn knapi ársins á Uppskेरuhátíð hestamanna sem haldin var laugardaginn 27. október sl. Árni Björn átti viðburðarríkt ár á keppnisvelliðnum, en hæst ber sigur hans í töttkeppni Landsmóts í þrjú sinu í röð. Þá stóð hann uppi sem sigurvegari Meistaradeildarinnar. Árni var auk þess valinn gæðingaknapi ársins. Fleiri knapar voru heiðraðir á hátíðinni: Jakob Svavar Sigurðsson var kjörinn íþróttaknapi ársins, Konráð Valur Sveinsson skeiðknapi ársins, Teitur Árnason er gæðingaknapi ársins og efnilegasti knapinn var Arnór Dan Kristinsson. Védis Huld Sigurðardóttir hlaut sérstaka viðurkenningu frá Landssambandi hestamannafélaga sem jafnframt sámdi Hermann Árnason með heiðursverðlaunum. Félag hrossabænda færði Sólvieigu Stefánsdóttur heiðursverðlaun félagsins í ár. Þá hlaut hrossaræktarbuíð Ketilsstaðir / Syðri Gegnishólar titilinn Ræktunarbuí ársins hjá Félagi hrossabænda og var auk þess valtó besta ræktunarbuí keppnishrossa að mati LH.

*Mmynd/LH hestar*



Sveinn segir nauðsynlegt að leggja fjármagn í vörubrúun og markaðssetningu hrossaafurða og samþykkti aðalfundurinn að leitast eftir að tekið yrði upp gjald af hrossaafurðum sem eynamerkt verður markaðsstarfi.

Fjölbreytt málefni rædd á aðalfundi Félags hrossabænda:

# Hrossabændur taka yfir hlut BÍ í Landsmóti

Aðalfundur Félags hrossabænda fór fram 26. október sl. í Samskípaþóllinni í Kópavogi. Stjórn félagsins var endurkjörin með einni breytingu. Magnús Jósefsson hætti í stjórn en Heiðrún Eymundsdóttir kom inn í hans stað.

Meðal þess sem lá fyrir fundinum var boð Bændasamtaka Íslands um að taka hlut þess í Landsmóti ehf. Aðalfundurinn samþykkti tillöguna og verður Félag hrossabænda því þriðjungur eigandi í Landsmóti ehf. frá næstu áramótum.

Landsmót ehf. var stofnað árið 2001 til að standa að rekstri og utanumhaldi á Landsmóti hestamanna. Eignahlutafélagið er að 2/3 hluta í eigu Landsambands hestamannafélaga. Í erindi BÍ til FHB kom fram að með breyttu fyrirkomulagi á ráðgjafarþjónustu í landbúnaði hafi BÍ ekki neina beina aðkomu að rekstri landsmóta og telja eðlilegt að búgreinin sjálf hafi þessa aðkomu. Buðu þeir því FHB yfirtöku 1/3 hlutar BÍ fyrir 1 krónu.

„Landsmótið er hrossarektarstarfinu mikilvægt og ætlum við því að taka þessu verkefni fagnandi og sjá tækifæri í því. Allir fundarmenn voru þó á því að félagið muni ekki taka á sig fjárhagslegar skuldbindingar,“ segir Sveinn.

## Félagar fá aðgang að myndbanka WorldFengs

Þá liggur fyrir samkomulag milli WorldFeng, Landsmóts ehf. og BÍ um að félagar í FHB fái aðgang að mynd- og myndbandabanka WorldFengs. Vonast Sveinn eftir að aðgangurinn verði opnaður sem fyrst.

## Innleiðing á gjaldtöku af hrossaafurðum

Mikil aukning hefur orðið á framleiðslu á folaldakjöti, sér í lagi vegna aukins blóðmerabúskapar. Sveinn segir hrossabændur hafa áhyggjur því við blasi erfiðleikar við afsetningu folalda og jafnvel lækun afurðaverðs.

„Það þarf að gera betur í markaðsmálum. Félagið hefur m.a. stutt við markaðsvinnu gagnvart Japansmarkaði en við bindum vonir við að sá markaður styrkist og geti einnig tekið við



Sveinn Steinarrson, formaður Félags hrossabænda, á Landsmóti 2018.

folaldaafurðum. Nauðsynlegt er að til séu góðir farvegir fyrir allar hrossaafurðir og því er mikilvægt að stunduð sé vörubrúun og markaðsstarf þar sem fjölbreytni afurða og nýting sé í fyrirrúmi,“ segir Sveinn.

„Félaginu berast reglulegar styrkbeiðnir vegna markaðsmála hrossakjöts, til dæmis til að hefja sökn á nýja markaði. Félagið gat beint svona fyrirsurnum í ákveðinn farveg, til verðskerðingarsjóðs en hann var lagður niður í lok árs 2015. Þegar hans nýtur ekki lengur við, þá skortir tekjustofn til að stöðja þetta mikilvæga markaðsstarf.“

Til að bregðast við þessu samþykkti aðalfundurinn ályktun þess efnis að stjórn myndi hefja vinnu gagnvart stjórnvöldum við að taka upp gjald af hrossaafurðum.

Gæti gjaldtakan verið á bilinu 2–3% af afurðaverði og yrði safnað í sjóð sem hefði það skilgreinda markmið að stöðja við markaðssetningu hrossaafurða.

## Uptaka á kynbótasýningum í farvatninu

Í samræmi við samþykkt frá aðalfundi FHB 2017, þar sem stjórn félagsins var falið að vinna að málinu, hafa Sveinn og Þorvaldur Kristjánsson, ábyrgðarmaður hrossarektar hjá RML, kannað möguleika þess að hafnar verði

upptökur á kynbótasýningum.

„Við lítum svo á að upptökur af hrossum í sýningu séu viðbótar dómaupplýsingar. Nú þegar höfum við tölulegar niðurstöður og umsagnir en með því innleiða sjónrænar upplýsingar byggjum við að ótrúlegum heimildum um íslenska hrossastofninn,“ segir Sveinn.

Í ályktun frá aðalfundinum segir að hugmyndin og möguleg útfærsla hafi verið rædd við forsvarmenn WorldFengs og Ráðgjafarmíðstöðvar landbúnaðarins og er af þeirra hálfu ekkert tæknilegt sem ætti að koma í veg fyrir að þetta verði að veruleika, auk þess sem búið er að áætla kostnað við upptökuna.

Þótt fjölbreyttar umræður hafi farið fram um kosti nýjungarinnar og galla var samþykkt að halda áfram með verkefnið. Næsta skref er að setja upp prufusýningu á næsta ári. Ef vel tekst til má búast við að þetta verði innleitt í framtíðinni, en farið verður yfir málin að nýju á næsta aðalfundi félagsins og þá frekari ákvarðanir teknar.

## Vel heppnaðar sölusýningar

Góður rómur var gerður að tveimur sölusýningum sem FHB stóð fyrir bæði sunnan- og norðanlands í október, en streymt var beint frá báðum sýningum á vefnum og hafa sýningarnar samtals verið skoðaðar 9.000 sinnum. Sveinn Steinarrson, formaður FHB, segir að stefnan sé að gera slíkar sýningar að viðtekinni venju.

Meginstarf FHB gagnvart reiðhestamarkaði er unnið í gegnum markaðsverkefnið Horses of Iceland. Jelena Ohm verkefnastjóri kynnti stöðu verkefnisins á aðalfundinum og þær áherslur sem fram undan eru. „Við bindum mikla vonir við verkefnið, sem er vissulega langhlaup,“ segir Sveinn.

Af öðrum samþykktum má nefna að stjórn var falið að vinna áfram að því að hægt verði að skrá fylskoðanir með rafrænum hætti og fylgja eftir þeirri kröfu FHB um að félagið fái beina aðild að búvörusamningnum milli ríkis og bænda við endurskoðun samingsins á næsta ári. /ghp



Bændablaðið, 15.11.2018, síðu 29  
grein stærð: 258.11 sm<sup>2</sup>  
grein hæð: 25.47 sm



Matvælastofnun hvetur umráðamenn hrossa í þéttbýli sérstaklega til skila á haustskýrslum. Mynd / HKr.

# Opnað fyrir skil á haustskýrslum

– Hestamenn hvattir til að sinna skráningarskyldu

Matvælastofnun vekur athygli á að opnað hefur verið fyrir skráningar á haustskýrslur í Bústofni ([www.bustofn.is](http://www.bustofn.is)) og bendir á að nú hafi verið ráðist í umbætur á skráningarferlinu til að auðvelda umráðamönnum hrossa í þéttbýli skráninguna. Undanfarin ár hefur borið á því að slíkar skráningar hafi skort sem þó er skylt að sinna.

Í tilkynningu Matvælastofnunar kemur fram að í samræmi við reglur (lög um búfjárhald nr. 38/2013) skulu umráðamenn búfjár skila árlega inn haustskýrslu fyrir 20. nóvember um búfjáreign, fóður og landstærðir.

## *Vantaðu upp á skil á undanförunum árum*

„Undanfarin ár hefur vantað upp á að umráðamenn hrossa í þéttbýli hafi skilað haustskýrslu lögum samkvæmt. Til að auðvelda umráðamönnum/eigendum hrossa í þéttbýli að ganga frá haustskýrslu hefur Matvælastofnun ráðist í umtalsverðar umbætur á skráningarferlinu. Umráðamenn/

eigendur hrossa geta í ár sótt upplýsingar úr WorldFeng, upprunaættbók íslenska hestsins ([www.worldfengur.com](http://www.worldfengur.com)), og byggja upplýsingarnar á fjölda hrossa í umráð viðkomandi.

Jafnframt er vakin athygli á að umráðamenn hrossa sem aðeins telja fram hross á haustskýrslu geta nú skilað haustskýrslu í heimarétt WorldFengs. Nánari leiðbeiningar um skil á haustskýrslum er að finna á heimasíðu Matvælastofnunar og í heimarétt WorldFengs.

Allir félagar í hestamannafélögum Landssambands hestamannafélaga og félögum Félags hrossabænda um allt land eiga að hafa frían aðgang að WorldFeng. Þeir sem hafa ekki þann aðgang geta hins vegar skráð sig inn í WorldFeng með sérstökum hjarðbókaraðgangi, sem var opnaður í vikunni. Þeir sem ekki hafa tök á því að skila sjálfir stendur til boða þjónusta Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins.

Nánari upplýsingar veitir Matvælastofnun (dýraeftirlitsmenn og búnaðarstofa),“ segir í tilkynningu Matvælastofnunar /smh